

# ÍS NÁ M 2008

## Íslensk náms- og menntunarflokkun

Byggð á alþjóðlega staðlinum ISCED-97

Handbók



Hagstofa Íslands

**ÍSNÁM2008**

Íslensk náms- og menntunarflokkun

***Útgefandi***

Hagstofa Íslands  
Borgartúni 21a  
150 Reykjavík

Sími: 528 1000

Bréfasími: 528 1098

Netfang: [hagstofa@hagstofa.is](mailto:hagstofa@hagstofa.is)

Veffang: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

***Ritstjórn***

Ásta M. Urbancic  
Ólafur Rastrick

Kápa og umbrot: Hagstofa Íslands

Prentun: Gutenberg

Upplag: 500

ISBN 978-9979-770-34-3 (prentútgáfa)

ISBN 978-9979-770-35-0 (vefútgáfa)

Verð: kr. 2.600

© **Hagstofa Íslands 2008**

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga.

Vinsamlegast getið heimildar.

## FORMÁLI

Uppbygging menntakerfa er mismunandi frá einu landi til annars. Til þess að unnt sé að bera saman menntakerfi milli landa er nauðsynlegt að nota samhæft flokkunarkerfi. Árið 1997 var tekinn upp nýr alþjóðlegur flokkunarstaðall fyrir menntun, ISCED-97 (International Standard Classification of Education), sem leysti af hólmi fyrri ISCED-staðal frá árinu 1976. ISCED byggir á tveimur megin flokkunarleiðum sem eru innbyrðis sjálfstæðar en saman segja til bæði um *stig* náms og menntunar, eftir stöðu þess í menntakerfinu frá leikskóla til doktorsgráðu, og um *svið*, eftir innihaldi náms. Fyrri hluti þessarar handbókar fjallar um stig menntunar en seinni hlutinn um svið menntunar.

Tilgangur handbókarinnar er að kynna flokkunarkerfið og gefa íslenskum notendum yfirlit yfir uppbyggingu þess og hvernig íslenska menntakerfið er flokkað samkvæmt kerfinu. Í fyrri hluta eru jafnframt því að lýsa uppbyggingu einstakra þátta flokkunarkerfisins gefin dæmi um hvernig helstu námsleiðir íslenska menntakerfisins falla að flokkuninni. Seinni hlutinn lýsir uppbyggingu flokkunarinnar eftir námssviðum og telur upp einstök svið. Ítarlegar skrár yfir flokkun námsbrauta eftir sviðum fylgja í viðaukum. Sundurliðuð flokkun náms og menntunar á Íslandi á stig og svið, sk. ÍSNÁM2008, verður birt á vef Hagstofu Íslands.

Hagstofa Íslands hefur um árabíl aflað gagna um íslenska skólakerfið og hefur beitt ISCED staðlinum við úrvinnslu gagna fyrir innlendar og alþjóðlegar samantektir um menntamál. Við innleiðingu ÍSNÁM2008 hefur mennta- og menningarmáladeild Hagstofunnar unnið í samráði við menntamálaráðuneytið að flokkun menntakerfisins hér á landi eftir staðlinum. Samráð hefur einnig verið haft við þær alþjóðastofnanir sem Ísland starfar mest með, en það eru Efnahags- og framfarastofnunin í París (OECD), Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) og Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Hafa starfsmenn Hagstofu Íslands m.a. setið í svokölluðum tæknihópi á vegum OECD sem hefur það að markmiði að tryggja samanburðarhæfni gagnanna landa í milli.

Fyrri hluti handbókarinnar um stig menntunar er byggður á eftirfarandi ritum:

- *Classifying Educational Programmes. Manual for ISCED-97 Implementation in OECD Countries.* 1999 Edition. OECD 1999.
- *ISCED 1997. International Standard Classification of Education.* UNESCO 1997.

Þýðingu, endurskoðun og staðfærslu önnuðust Ásta M. Urbancic og Ólafur Rastrick, mennta- og menningarmáladeild Hagstofu Íslands.

Seinni hlutinn um svið menntunar er byggður á þýðingu á eftirfarandi riti:

- *Fields of Education and Training. Manual,* eftir Ronnie Andersson og Anna-Karin Olsson hjá Hagstofu Svíþjóðar (SCB). Flokkunin var unnin á vegum Eurostat, í samráði við UNESCO og OECD, og gefin út í desember 1999.



# EFNISYFIRLIT

Formáli .....	3
<b>Stig menntunar</b> .....	7
Inngangur .....	9
Lýsing á ISCED-97 stigum, flokkunarskilyrðum og víddum .....	14
0. Leikskólastig .....	16
1. Barnaskólastig .....	17
2. Unglingastig .....	18
3. Framhaldsskólastig .....	20
4. Viðbótarstig .....	22
5. Háskólastig .....	23
Stig 5A: Fræðilegt háskólanám .....	23
Stig 5B: Starfsmiðað háskólanám .....	25
6. Doktorsstig .....	26
<b>Svið menntunar</b> .....	27
Inngangur .....	29
Uppbygging og forsendur flokkunarinnar .....	29
Skyldleiki við önnur flokkunarkerfi .....	33
Þverfaglegar og breiðar námsleiðir .....	34
0. Almenn nám .....	36
1. Menntun .....	38
2. Hugvísindi og listir .....	40
3. Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði .....	45
4. Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði .....	51
5. Verkfærði, framleiðsla og mannvirkjagerð .....	54
6. Landbúnaður og dýralækningar .....	61
7. Heilbrigði og velferð .....	64
8. Þjónusta .....	68
<b>Viðaukar</b> .....	75
Viðauki 1 .....	
Rökstuðningur fyrir sviðsflokkun .....	77
Viðauki 2 .....	
Heimildaskrá .....	79
Viðauki 3 .....	
Tölusettir efnisflokkar .....	80
Viðauki 4 .....	
Efnisorðaskrá í stafrófsröð .....	91



# STIG MENNTUNAR



## INNGANGUR

ISCED er hugsað sem heildstæður og samræmdur rammi um gagnaöflun og greiningu alþjóðlegra talna um menntun. Þar sem menntakerfi landa eru afar mismunandi þarf flokkunarkerfið að taka tillit til menntakerfis hvers lands fyrir sig. Með ISCED-97 er leitast við að gera það án þess að fórna því markmiði ISCED að þjóna sem mælistika sem leyfir samanburð milli landa.

*Hugtakið menntun* Samkvæmt málvenju er hugtakið menntun víðtækara en sú starfsemi sem fram fer í skólum. Í ISCED-97 er vísað til menntunar sem afurðar formlegs náms. Flokkunarstaðallinn tekur til allra skipulagðra námsleiða fyrir börn, unglinga og fullorðna, að þeim meðtöldum sem þurfa á sérkennslu að halda, án tillits til þess hver býður upp á námið og án tillits til umgjardar námsins.

*Tilgangur* Tilgangur ISCED er fjölþættur. Með stöðluðu flokkunarkerfi má fá samanburð á milli landa óháð uppbyggingu menntakerfisins og efnahagslegri stöðu ríkjanna. Samanburður landa í milli sem byggður er á ISCED nýtist þannig við stefnumörkun á sviði menntamála og jafnframt við ýmiss konar rannsóknir á menntakerfi landa. Notkunin getur falist í margháttuðum tölulegum úttektum á ólíkum sviðum menntamála, s.s. á skólasókn, á mannauði og fjármagni í skólakerfinu og á menntunarstöðu þjóða. Grunnhugsunin að baki hugtökum og skilgreiningum í ISCED er að staðallinn nýtist óháð þeim sérkennum sem eru á menntakerfum hvers lands fyrir sig, en jafnframt að unnt sé að flokka öll sérkenni tiltekins menntakerfis samkvæmt staðlinum.

*Markmið* Markmiðið með ISCED er ekki að setja fram tæmandi skilgreiningar á menntun, og enn síður að koma á stöðluðum hugtökum um heimspeki, markmið og innihald menntunar eða að endurspegla menningarlegar hliðar hennar. Það er samspil menningar, hefða og félagslegra og hagrænna þátta í hverju landi fyrir sig sem hafa skapað hugmyndir um menntun, sem eru á margan hátt sérstakar fyrir landið. Til þess að ISCED staðallinn nái að þjóna hlutverki sínu er hins vegar nauðsynlegt að gefa forskrift um hvernig flokka beri námsleiðir þannig að þær falli að staðlinum.

Skóla- og menntakerfi margra landa hafa gengið í gegnum miklar breytingar síðastliðinn aldarfjórðung. Menntakerfi þjóða eru nú margbreytilegri, sem gjarnan hefur í för með sér meiri sveigjanleika bæði í samsetningu náms og hvernig menntun er aflað. Þetta hefur í för með sér að erfitt getur verið að bera saman tölulegar upplýsingar um menntakerfi milli landa. Nýjar gerðir náms hafa komið fram jafnframt því sem múrar sem greindu að hinar hefðbundnu námsleiðir hafa brostið. Þessa þróun var orðið erfitt að endurspegla með notkun hins upphaflega alþjóða flokkunarstaðals fyrir menntun ISCED-76, sem fyrst var tekinn í notkun um miðjan áttunda áratuginn.

### Námsleið er grunneining ISCED-flokkunarkerfisins

*Samanburðarhæft flokkunarkerfi* Nærtækast er að byggja flokkun menntunar á þeim stofnunum sem bjóða upp á viðkomandi nám. Slík flokkun er þó ófullnægjandi þegar kemur að því að greina þróun í menntamálum innanlands eða bera hana saman á alþjóðavísu. Menntastofnanir eru mismunandi frá einu landi til annars og taka breytingum í tímans rás. Til þess að búa til kerfi sem er samanburðarhæft hefur flokkunarkerfið verið byggt á því sem hér er kallað námsleið (e. *educational programme*). Með ISCED eru námsleiðir sem finnast í hinum ýmsu löndum flokkaðar eftir einu kerfi sem byggist á ákveðnum skilgreiningum. Með því er kleift að yfirfæra upplýsingar um menntakerfi einstakra landa yfir í kerfi sem talið er gefa alþjóðlega samanburðarhæfar niðurstöður.

*Námsleiðir skilgreindar eftir innihaldi náms* Grunneining flokkunar í ISCED-97 er námsleið. Námsleiðir eru skilgreindar eftir innihaldi námsins. Námsleið er sett saman úr tilteknum námspáttum sem mynda eina sjálfstæða heild og eru skipulagðir með það fyrir augum að ná fyrirfram ákveðnu markmiði. Markmið náms getur m.a. verið undirbúningur undir frekara nám, öflun tiltekinna réttinda eða hæfni til ákveðinna starfa, eða einfaldlega að auka þekkingu og skilning þess sem námið stundar. Með ISCED-97 er hugsunin sú að allt skipulegt og samfelld nám sé flokkað. Það á hvort tveggja við nám frá fyrstu stigum áður en einstaklingar hefja starfsferil sinn og þá endurmenntun og símenntun sem einstaklingur aflar sér á fullorðinsárum.

ISCED kerfið hefur ýmsar takmarkanir. Ein felst í því að kerfið byggir á flokkun námsleiða. Þannig nær kerfið ekki til menntunar sem einstaklingar afla sér utan formlegra námsleiða, námskeiða eða annars skipulegs náms. Aðrar takmarkanir kerfisins felast í því að samsvörum á milli náms og prófa annars vegar og fullyrðinga um hæfni og getu einstaklinga hins vegar eru ekki alltaf fyrir hendi.

## Greining á innihaldi náms

Það er ekki auðhlaupið að ákvarða með beinum hætti hvort innihald tiltekinnar námsleiðar í einu landi sé sambærilegt við námsleið í öðru landi. Námskrár eru margbreytilegar sem veldur því að erfitt getur verið að ákveða hvort tiltekið nám tilheyrir einu námsstigi fremur en öðru. Til að unnt sé að taka slíkar ákvarðanir þyrfti að vera til samræmd alþjóðleg námskrá. Slík skrá er ekki til. Því hefur verið brugðið á það ráð að skilgreina tiltekna þætti sem geta sagt til um skyldleika náms:

### Skilgreindir þættir

- Dæmigerður aldur nemenda þegar þeir hefja nám, dæmigerð lengd náms og lengd náms samkvæmt námskipan.
- Dæmigerðar forkröfur og lágmarkskröfur sem gerðar eru til nemenda áður en þeir hefja nám.
- Vottanir, gráður eða réttindi sem veitt eru þeim sem ljúka náminu.
- Námsleiðir sem opnast þeim sem ljúka námi.
- Að hve miklu leyti námsleiðin miðast sérstaklega við tiltekið starfssvið og að hve miklu leyti hún miðar að því að undirbúa fyrir þátttöku í atvinnulífinu strax að loknu námi.

Hver þessara þátta er flokkunarskilyrði í ISCED-97. Þegar skipan náms vikur í einu eða fleiri atriðum frá því sem almennt gerist innan námsleiðar gerir ISCED ráð fyrir að slíku námi sé skipt upp í fleiri námsleiðir. Þannig er t.d. þriggja ára kennaranám aðgreint frá sex ára læknisfræðinámi í ISCED-flokkuninni þótt hvort tveggja sé skilgreint sem háskólanám.

Það skal undirstrikað að þeir þættir sem hér eru settir fram til að aðstoða við greiningu á skyldleika námsleiða bæta hvern annan upp fremur en að tiltekinn þáttur útiloki að námsleið sé flokkuð með ákveðnum hætti. Sem dæmi má nefna að einn þáttur skilgreiningar á barnaskólastigi er grundvallaður á aldri þorra nemenda. Það kemur þó ekki í veg fyrir að þeir sem leggja stund á lestrarnám fyrir fullorðna séu jafnframt settir á þetta námsstig í flokkuninni.

## Skýringar á nokkrum hugtökum

- Námsstig**
- **Námsstig** (e. *levels of education*) byggja á greiningu formlegrar menntunar eftir stöðu í menntakerfinu frá leikskólastigi til doktorsgráðu. Námsstig er greint í sjö stig frá 0 til 6.
    0. **Leikskólastig** (e. *pre-primary level*) tekur fyrst og fremst til náms í leikskóla frá þriggja ára aldri.
    1. **Barnaskólastig** (e. *primary level*) nær yfir nám í 1.–7. bekk grunnskóla eða samsvarandi nám á Íslandi.
    2. **Unglingastig** (e. *lower secondary level*) nær yfir nám í 8.–10. bekk grunnskóla á Íslandi eða samsvarandi nám.
    3. **Framhaldsskólastig** (e. *upper secondary level*) vísar til náms í framhaldsskóla og viðlíka náms.
    4. **Viðbótarstig** (e. *post-secondary, non-tertiary level*) tekur til náms sem byggir ofan á nám á framhaldsskólastigi en er ekki á háskólastigi.
    5. **Háskólastig** (e. *first stage of tertiary education*) nær yfir háskólanám að doktorsnámi undanskildu.
    6. **Doktorsstig** (e. *second stage of tertiary education*) vísar til doktorsnáms.
- Víddir**
- **Víddir.** Á námsstigum 2–5 er nám greint á grundvelli vídda (e. *dimensions*) sem segja m.a. til um stefnu náms og áherslu náms.
    - **Stefna náms** (e. *programme destination*) segir til um hvert námið leiðir, þ.e. til starfa á vinnumarkaði eða til frekara náms á tilteknu stigi, og greinist í flokkana A, B og C.
      - » **A** er nám sem stefnir að fræðilegu námi á hærra stigi.
      - » **B** er nám sem leiðir til starfsnáms á hærra stigi.
      - » **C** er nám sem leiðir beint út á vinnumarkaðinn.
    - **Áhersla náms** (e. *programme orientation*) vísar til þess hvort um almennt nám eða starfsnám er að ræða og greinist í almennt nám, for–starfsnám og starfsnám.
      - » **Almennt nám** (e. *general*) er ýmist táknað með G eða 1. Þetta er nám þar sem ekki er gert ráð fyrir sérþjálfun til tiltekinna starfa eða iðna, né til undirbúnings fyrir starfsnám. Miðað er við að minna en fjórðungur náms sé starfsnám.
      - » **For–starfsnám** (e. *pre-vocational*) er táknað með P eða 2 og er nám sem miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá fyrir frekara starfsnám. Námið veitir ekki starfsréttindi á vinnumarkaði og er starfsnám að einum fjórðungi hið minnsta.
      - » **Starfsnám** (e. *vocational*) er táknað með V eða 3 og er nám sem undirbýr nemendur undir þátttöku á vinnumarkaði, án frekari þjálfunar, til að vinna tiltekin störf. Lokapróf á þessu stigi veitir yfirleitt tiltekin starfsréttindi á vinnumarkaði.
    - **Fræðilegt og starfsmiðað háskólanám.** Nám á háskólastigi er flokkað eftir því hvort um fræðilegt háskólanám eða starfsmiðað háskólanám er að ræða.
      - » **5A** er fræðilegt háskólanám, sem leiðir áfram til doktorsnáms.
      - » **5B** er starfsmiðað háskólanám, sem miðar að starfi á vinnumarkaði að loknu námi.
    - **Gráðuröð** (e. *national degree structure*) er ein vídda háskólanáms og segir til um röð háskólagráða sem veittar eru í hverju landi fyrir sig.
      0. Stutt hagnýtt nám, sem er á háskólastigi en er of stutt til að leiða til háskólagráðu, þ.e. styttra en 2 ár.
      1. Grunnpróf, t.d. Bachelor gráða eða diplóma, eftir a.m.k. 2 ára nám.
      2. Framhaldsgráða, s.s. meistaragráða.
      3. Þriðja eða hærri gráða, þar sem slíkt kerfi er til staðar (ekki á Íslandi).
    - **Samanlögð lengd námstíma samkvæmt námsskipan** (e. *cumulative theoretical duration*) segir til um heildarlengd námstíma samkvæmt námsskrá frá því að nám hefst á námsstiginu og þar til því lýkur. Þessi vídd er aðallega notuð á háskólastigi, er óháð gráðuröð og skiptist þannig:
      - » **Mjög stutt** nám er styttra en 2 ár.
      - » **Stutt** nám er 2–<3 ár.
      - » **Meðallangt** nám er 3–<5 ár.
      - » **Langt** nám er 5–6 ár.
      - » **Mjög langt** nám er lengra en 6 ár.
- Menntunarstaða**
- **Menntunarstaða** (e. *educational attainment*) vísar til þess námsstigs sem einstaklingur telst hafa lokið. Hugtakið er gjarnan notað þegar menntunarstaða þjóða er borin saman eða þegar þróun innanlands er skoðuð.

## Í námi, námslok og menntunarstaða

Að ljúka námi á tilteknu ISCED-stigi er ekki í öllum tilvikum það sama og að teljast hafa lokið ISCED-stiginu. Við flokkun eftir ISCED-97 þarf að gera greinarmun á því hvort verið er að flokka nám sem námsmaður er að leggja stund á eða einstaklinga sem hafa lokið tilteknu námi. Ástæðan er sú að nám getur flokkast á annan hátt þegar menntunarstaða er metin. Þannig getur nemandi sem lokið hefur unglingastigi lagt stund á stutt nám á framhaldsskólastigi. Þótt hann ljúki því telst hann ekki endilega hafa lokið framhaldsskólastigi. Verið getur að námsleiðin teljist of stutt til þess að geta talist til námsloka á framhaldsskólastigi þegar menntunarstaða er ákvörðuð.

## Samanburður á ISCED-97 og ISCED-76

### Flokkun náms í víddir

Veigamesta nýjungin í ISCED-flokkunarkerfinu sem fylgdi upptöku ISCED-97 fólst í flokkun náms í víddir. Hver vídd er sjálfstæð og er nám greint eftir hverri vídd fyrir sig. Þannig má flokka námsleiðir eftir ólíkum víddum sem saman gefa til kynna samanburðarhæfar upplýsingar um námið. Víddirnar eru *stefna náms* (hvert er námið að leiða nemandann; til frekara náms eða starfs), *áhersla náms* (almennt nám, forstarfsnám eða starfsnám), *lengd náms* (á háskólastigi, flokkuð í 5 flokka) og *gráðuröð* (röð námsgráða á háskólastigi eftir skipulagi skólakerfisins). ISCED-76 gerði ekki ráð fyrir flokkun sem þessari.

### Viðbótarstig

Með endurskoðun ISCED var tekið upp nýtt stig sem ekki var í eldri gerð. Námsstig 4, viðbótarstig, nær til náms sem er á mörkum þess að vera á framhaldsskólastigi og háskólastigi í alþjóðlegu samhengi, jafnvel þótt ljóst sé frá sjónarhóli skólakerfis hvers lands um sig hvernig námið skuli flokkast. Í ISCED-76 var slíkt nám ýmist flokkað á stig 3 eða stig 5 en á Íslandi taldist þetta nám vera á stig 5.

### Háskólanám tvö námsstig

Nám í háskóla fellur nú einungis á tvö námsstig, stig 5 og 6, en flokkaðist áður á þrjú, stig 5–7. Námsstig 5 samkvæmt ISCED-97 tekur til náms sem ekki leiðir beint til rannsóknargráðu (þ.e. doktorsgráðu) á meðan á stigi 6 er eingöngu nám sem leiðir til doktorsgráðu eða sambærilegrar gráðu. Námsstig 5 greinist nú í tvo meginflokka, 5A og 5B. Á námsstigi 5A er fyrst og fremst fræðilegt háskólanám sem leiðir til rannsóknarnáms á æðra stigi eða starfa þar sem gerðar eru miklar kröfur um sérfræðiþekkingu. Námsstig 5B tekur frekar til starfsmiðaðs háskólanáms sem er hagnýtt og hefur það markmið að nemendur öðlist hæfni sem nýtist beint á vinnumarkaðinum. Námsstig 5 í ISCED-97 svipar að mestu leyti til stiga 5 og 6 í ISCED-76, ásamt meistaranámi sem áður tilheyrði stigi 7 (í þeim löndum þar sem slíkt er sjálfstætt nám að loknu grunnprófi í háskóla). Rannsóknarnám á æðra stigi (þ.e. doktorsnám eingöngu) er nú flokkað á námsstig 6.

ISCED 1976		ISCED 1997	
0	Menntun fyrir fyrsta stig	0	Leikskólastig
1	Menntun á fyrsta stigi	1	Barnaskólastig
2	Menntun á öðru stigi, fyrsta þrepi	2	Unglingastig (2A, 2B og 2C)
3	Menntun á öðru stigi, öðru þrepi	3	Framhaldsskólastig (3A, 3B og 3C)
5	Menntun á þriðja stigi, fyrsta þrepi, sem leiðir til niðurstöðu er samsvarar ekki fyrstu háskólagráðu	4	Viðbótarstig (4A, 4B og 4C)
6	Menntun á þriðja stigi, fyrsta þrepi, sem leiðir til fyrstu háskólagráðu eða jafngildis hennar	5	Háskólastig 5B, grunnpróf eða framhaldspróf, stutt eða meðallangt 5A, grunnpróf, meðallangt 5A, grunnpróf, langt 5A, framhaldsgráða
7	Menntun á þriðja stigi, öðru þrepi, sem leiðir til framhaldsgráðu á háskólastigi eða jafngildis hennar	6	Doktorsstig
9	Menntun óskilgreinanleg eftir stigi		

Stig 9 í ISCED-76, sem var fyrir nám sem ekki reyndist unnt að flokka á önnur stig, er ekki í ISCED-97. Gert er ráð fyrir að hægt sé að flokka allar námsleiðir á eitthvert hinna sjö námsstiga ISCED-97.

## Nám sem fellur ekki beint að flokkunarkerfinu

Ýmis dæmi eru um námsleiðir sem ekki falla beint að flokkunarkerfinu þótt þær feli í sér skipulegt og samfellt nám. Aukin áhersla á símenntun gerir þætti eins og dæmigerðan aldur nemenda, forkröfur og námslengd ekki eins lýsandi fyrir skipan náms og í hefðbundna skólakerfinu.

<i>Innihald náms veigamest</i>	Allt slíkt nám ber að flokka á grundvelli innihalds námsins, þ.e. hversu sambærilegt innihald námsins er við það nám sem auðveldara er að flokka á námsstig samkvæmt þeim skilgreiningum sem gefnar eru í þessari handbók. Fyrir sumar námsleiðir má bera viðurkenningar eða námsgráður sem veittar eru að loknu námi saman við þær viðurkenningar eða námsgráður sem veittar eru í almenna skólakerfinu. Á þann hátt má sjá hvernig flokka beri námið. Þannig getur t.d. stig tiltekins fjarnáms ákvarðast af þeim réttindum sem það veitir að námi loknu.
<i>Vandasamt að flokka námskeið</i>	Námskeið sem haldin eru t.d. á vegum fyrirtækja eru dæmi um námsleiðir sem vandasant getur verið að flokka. Í sumum námskeiðum eru gerðar forkröfur sem auðveldar flokkun samkvæmt ISCED-97 en í öðrum eru ekki gerðar neinar slíkar kröfur. Ein leið til að ákvarða námsstig námsleiða af þessu tagi er að meta þá hæfni sem nauðsynleg er nemandanum til að hann hafi verulegt gagn af því að stunda námið, ásamt því að meta dæmigerða menntunarstöðu nemendanna. Annað sem haft er í huga við slíka flokkun er hvort námið býr nemandann undir nám í almenna skólakerfinu. Þessir þættir auðvela ákvörðun um á hvaða stigi námið skuli flokkast.

Lýsing á ISCED-97 stigum, flokkunarskilyrðum og víddum

0	LEIKSKÓLASTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Önnur flokkunarskilyrði	Viddir	
	Fyrsta stig skipulagðrar kennslu sem felur í sér fyrst og fremst að kynna ungum börnum skólaumhverfi.	Námið fer fram í leikskóla eða grunnskóla og ætti að mæta þroska- og menntunarbörf barna sem eru þriggja ára hið minnsta. Starfsmenn skulu búa yfir fullnægjandi menntun til að sjá um skipulagt nám barnanna.	Uppeldisfræðileg menntun starfsliðs við kennslu. Starfsemin er á grundvelli námskrár.		
1	BARNASKÓLASTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Önnur flokkunarskilyrði		
	Hefur að jafnaði þann tilgang að veita nemendum trausta grunnmenntun í lestri, skrift og reikningi. [Hér á landi er nám í 1.-7. bekk grunnskóla talið til barnaskólastigs.]	Upphaf skipulegs náms sem dæmigert er fyrir grunnskóla, s.s. í lestri, skrift og stærðfræði. Upphaf lestrarkennslu er ekki eitt og sér fullnægjandi skilyrði til að nám teljist á barnaskólastigi.	Í löndum þar sem skyldunám hefst síðar en skipulögð kennsla í áðurgreindum námsgreinum hefst, skal miða skil milli leikskólastigs og barnaskólastigs við aldursviðmiðun skyldunámsins.		
2	UNGLINGASTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Önnur flokkunarskilyrði	Stefna náms	Áhersla náms
	Framhald grunnskólanáms. Algengt er að kennslan sé frekar miðuð við tiltekna námsgreinar en á barnaskólastigi og að kennarar kenni á sínu sérsviði. [Hér á landi er nám í 8.-10. bekk grunnskóla talið til unglíngastigs.]	Nám í byrjun þessa stigs ætti að endurspeglar þau hvörf þegar skipulag náms fer í ríkara mæli að mótast eftir námsgreinum. Kennarar kenna námsgreinar sem þeir hafa sérþekkingu á. Ef færslan á milli barnaskóla- og unglíngastigs endurspeglar ekki formleg skil í skipulagi skólakerfis landsins, skal miða skiptingu milli stiga við það þegar skólakerfið fer að taka á sig ofangreind einkenni.	Ef engin skil eru til staðar í skólakerfinu skal skipta grunnskólanámi þannig að fyrstu sex ár grunnskólanáms teljist til barnaskólastigs. [Hér á landi hefur verið farið sú leið að telja fyrstu sjö ár grunnskólanáms til barnaskólastigs]. Í löndum þar sem engin skil eru á milli unglíngastigs og framhaldsskólastigs og þar sem nám á síðara stiginu er lengra en þrjú ár, skal einungis telja fyrstu þrjú ár náms að loknu barnaskólastigi til unglíngastigs.	<p><b>A</b> Námsskipan lýtur að undirbúningi nemenda fyrir nám á framhaldsskólastigi og háskólanám að því loknu; þ.e. námið veitir aðgang að námi á stigi 3A eða 3B.</p> <p><b>B</b> Námsskipan miðast við undirbúning og veitir aðgang að námi á stigi 3C.</p> <p><b>C</b> Námsskipan lýtur fyrst og fremst að því að veita aðgang að störfum á vinnumarkaði að námi loknu.</p>	<p><b>G</b> Námsskipan gerir ekki sérstaklega ráð fyrir sérþjálfun til tiltekna starfa eða iðna, né til undirbúnings fyrir starfsnám. Minna en fjórðungur innihalds námsins er starfsnám.</p> <p><b>P</b> Námsskipan miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá fyrir frekara starfsnám. Námið veitir ekki starfsréttindi á vinnumarkaði. Það er starfsnám að einum fjórðungi hið minnsta.</p> <p><b>V</b> Námið miðar að því að undirbúa nemendur undir og veita beinan aðgang, án frekari þjálfunar, að tilteknum störfum. Námslok veita réttindi á vinnumarkaði á viðkomandi starfssviði.</p>
3	FRAMHALDSSKÓLASTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Nám sem samanstendur af fleiri en einu valsviði (á ekki við íslenska skólakerfið)	Stefna náms	Áhersla náms
	Kennslan er alla jafna skipulögð eftir námsgreinum í ríkara mæli en á unglíngastigi og kennararnir hafa almennt meiri sérmenntun á fagsviði sínu. Það er mikill munur bæði innan landa og á milli þeirra á lengd náms á framhaldsskólastigi. Dæmigert er að nám á þessu stigi taki frá tveimur upp í fimm ár.	Skil innlenda skólakerfisins milli grunnskóla og framhaldsskóla ræður alla jafna skiptingu milli unglíngastigs og framhaldsskólastigs. Aðgangur að námi á framhaldsskólastigi krefst venjulega að námsmaður hafi lokið námi á unglíngastigi. Reynsla ásamt grunnnámi sem talin er fullnægjandi til að nemandi ráði við nám á framhaldsskólastigi getur þó veitt aðgang.	Í sumum löndum geta nemendur lokið námi á framhaldsskólastigi með því að velja námsleið sem er samsett úr fleiri en einu valsviði, s.s. fyrsta ár iðnnám, annað árið félagsfræðinám o.s.frv. Ólík samsetning valsviða getur þýtt að ekki er unnt að tilgreina stefnu náms eða áherslu þess m.t.t. hvort um almennt nám eða starfsnám er að ræða. Slíkt nám skal flokkað á framhaldsskólastig án þess að tilgreina stefnu þess eða áherslu.	<p><b>A</b> Námsskipan á ISCED-stigi 3A lýtur að því að veita aðgang að fræðilegu háskólanámi (5A).</p> <p><b>B</b> Námsskipan á ISCED-stigi 3B miðast við að veita aðgang að starfsmiðuðu háskólanámi (5B).</p> <p><b>C</b> Námsskipan á ISCED-stigi 3C miðar ekki að því að veita beinan aðgang að námi á háskólastigi. Nám á þessu stigi leiðir til starfa á vinnumarkaði, náms á viðbótarstigi eða frekara náms á framhaldsskólastigi.</p>	<p><b>G</b> Námsskipan gerir ekki sérstaklega ráð fyrir sérþjálfun til tiltekna starfa eða iðna, né til undirbúnings fyrir starfsnám. Minna en fjórðungur námsinnihalds er starfsnám.</p> <p><b>P</b> Námsskipan miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá fyrir frekara starfsnám. Námið veitir ekki réttindi á vinnumarkaði. Það er starfsnám að einum fjórðungi hið minnsta.</p> <p><b>V</b> Nám sem undirbýr nemendur undir þátttöku á vinnumarkaði, án frekari þjálfunar, til að vinna tilekin störf. Námslok á þessu stigi veita tiltekin starfsréttindi á vinnumarkaði.</p>

4	VIÐBÓTARSTIG	Aðalflokkunarskilyrði	Tegundir náms sem falla á stig 4	Stefna náms	Áhersla náms
	<p>Nám á þessu stigi er á mörkum þess að teljast til framhaldsskólanáms og náms á háskólastigi í alþjóðlegu samhengi þótt skilgreining námsins sé oft skýr innan skólakerfis hvers lands.</p> <p>Í námi á þessu stigi eru ekki endilega gerðar meiri kröfur til nemenda en á framhaldsskólastigi. Námið hefur hins vegar þann tilgang að veita nemendum sem lokið hafa námi á því stigi breiðari þekkingu. Dæmigert er að nemendur á viðbótarstigi séu eldri en á framhaldsskólastigi.</p>	<p>Að jafnaði hafa nemendur sem hefja nám á viðbótarstigi lokið námi á framhaldsskólastigi.</p> <p>Námstími: Dæmigert lengd náms á viðbótarstigi í fullu námi getur verið frá sex mánuðum upp í tvö ár.</p>	<p>Fyrsta tegund náms sem fellur undir viðbótarstig er nám þar sem innihaldið gerir það að verkum að ekki er unnt að skilgreina námið sem nám á háskólastigi eða að námstíminn er ekki nægjanlega langur til að falla undir ISCED-stig 5B (a.m.k. tvö ár í fullu námi).</p> <p>Nám á þessu stigi er að jafnaði miðað við nemendur sem lokið hafa framhaldsskólastigi, þó að þess sé ekki endilega formlega krafist að nemendur hafi lokið námi á því stigi.</p> <p>Önnur tegund náms sem fellur undir viðbótarstig er nám sem samkvæmt uppbyggingu innlenda skólakerfisins er á framhaldsskólastigi, jafnvel þó að nemendur á þessu stigi hafi þegar lokið námi í framhaldsskóla.</p>	<p><b>A</b> Nám á viðbótarstigi sem miðar að því að veita aðgang að fræðilegu háskólanámi (5A).</p> <p><b>B</b> Nám á viðbótarstigi sem miðast við að veita aðgang að starfsmiðuðu háskólanámi (5B).</p> <p><b>C</b> Nám á viðbótarstigi sem miðar ekki að því að veita aðgang að fræðilegu eða starfsmiðuðu háskólanámi. Þetta nám leiðir beint til starfa á vinnumarkaði eða til frekara náms á viðbótarstigi.</p>	<p><b>G</b> Námsskipan gerir ekki sérstaklega ráð fyrir sérþjálfun til tiltekinnna starfa eða iðna, né til undirbúnings fyrir starfsmennta- eða tækninám. Minna en fjórðungur námsinnihalds er starfs- eða tækninám.</p> <p><b>P</b> Námsskipan miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá fyrir frekara starfsnám. Námið veitir ekki réttindi á vinnumarkaði. Það er starfs- eða tækninám að einum fjórðungi hið minnsta.</p> <p><b>V</b> Nám sem undirbýr nemendur undir þátttöku á vinnumarkaði, án frekari þjálfunar, til að vinna við tileikin störf. Námslok á þessu stigi veita tiltekin starfsréttindi á vinnumarkaði.</p>
5	HÁSKÓLASTIG	Flokkunarskilyrði ISCED-stiga 5A og 5B		Samanlögð lengd náms- tíma á háskólastigi skv. námsskipan	Gráðuröð skv. innlendra námsskipan
	<p>Innihald náms á háskólastigi er á hærra menntunarstigi en það nám sem flokkast á framhaldsskóla- og viðbótarstigi.</p> <p><b>5A</b> Fræðilegt háskólanám. Nám á ISCED-stigi 5A er að verulegu leyti fræðilegt og markmið þess er að þjálfna hæfni sem veitir rétt til aðgangs að rannsóknarnámi og að störfum þar sem krafist er sérþekkingar á háu stigi.</p> <p><b>5B</b> Starfsmiðað háskólanám. Nám á ISCED 5B er almennt hagnýttara, tæknilegra eða starfsmiðaðra en fræðilegt háskólanám (5A).</p>	<p>Aðgangur að námi á þessu stigi krefst að jafnaði þess að námi hafi verið lokið á stigi 3A eða 3B eða að sambærilegar kröfur hafi verið uppfylltar á stigi 4A eða 4B.</p> <p>Lágmarks lengd samanlagðs námstíma á háskólastigi skv. námsskipan (miðað við fullt nám) er þrjú ár. Kennslustofnunin þar sem námið fer fram skal vera viðurkennd sem rannsóknarstofnun. Í námi á þessu stigi getur falist rannsóknarverkefni eða rannsóknarritgerð.</p> <p>Námið er í ríkara mæli hagnýttara og starfsmiðaðra en í fræðilegu háskólanámi (5A) og undirbýr námsmenn ekki undir beinan aðgang að doktorsstigi (6). Lágmarks námstími í fullu námi á námsleiðum sem teljast til starfsmiðaðs háskólanáms er tvö ár.</p>	<p>Nám á þessu stigi leiðir til menntunar sem gerð er krafa um í sérfræðistörfum og í rannsóknarnámi.</p> <p>Innihald námsins miðar alla jafna að undirbúningi námsmanna undir tiltekið starfs svið.</p>	<p><b>A</b> „Flokkun eftir lengd náms: Meðallangt: 3 til &lt;5 ár Langt: 5-6 ár Mjög langt: lengra en 6 ár.“</p> <p><b>B</b> „Flokkun eftir lengd náms: Stutt: 2-&lt;3 ár Meðallangt: 3-&lt;5 ár Langt: 5-6 ár Mjög langt: lengra en 6 ár.“</p>	<p><b>A</b> Flokkun: Stutt hagnýtt nám (0); Grunnpróf á háskólastigi (1); Framhaldsgráða á háskólastigi (2); Þriðja námsgráða eða hærri (ekki á Íslandi). Stutt hagnýtt nám (0) í háskóla er ekki talið leiða til námsgráðu skv. flokkunarkerfinu.</p> <p><b>B</b> Flokkun: Stutt hagnýtt nám (0); Grunnpróf á háskólastigi (1); Framhaldsgráða á háskólastigi (2); Þriðja námsgráða eða hærri (ekki á Íslandi). Stutt hagnýtt nám (0) í háskóla er ekki talið leiða til námsgráðu skv. flokkunarkerfinu.</p>
6	DOKTORSTIG				
	<p>Nám til rannsóknargráðu (doktorsgráðu) á háskólastigi. Námið er framhaldsnám á háskólastigi og miðar að sjálfstæðum rannsóknum.</p>	<p>Á stiginu er gerð krafa um rannsóknarritgerð, sem er hæf til útgáfu, byggð á sjálfstæðum rannsóknum og felur í sér verulegt framlag til þekkingar. Námið er ekki eingöngu byggt á námskeiðum.</p>	<p>Undirbýr námsmenn undir rannsóknar- og/eða kennarastöður við háskóla sem bjóða upp á fræðilegt háskólanám (5A) og jafnframt rannsóknarstöður hjá hinu opinbera og í atvinnulífinu.</p>		

## 0. LEIKSKÓLASTIG

### Skilgreining og flokkunarskilyrði

Leikskólastigið (e. *pre-primary level*) er skilgreint sem fyrsta stig skipulagðrar kennslu og er auðkennt sem námsstig 0. Í námi á þessu stigi er ungum börnum kynnt skólaumhverfið, þ.e. stigið er nokkurs konar brú á milli heimilisins og skólans. Að þessu stigi loknu hefja nemendur nám á barnaskólastigi, sem auðkennt er sem námsstig 1.

#### Aðgreining náms og barnagæslu

Skilgreining náms á leikskólastigi og þess sem fellur utan ramma ISCED-97 byggist fyrst og fremst á mati á gildi menntunar í þeirri dagskrá sem boðið er upp á. Þar sem ekki er auðvelt að meta menntun á leikskólastigi þarf að líta á nokkra þætti. Skilyrði er að námið fari fram í skóla eða viðlíka stofnun, að starfsemi sé skipulögð til að mæta þroska- og menntunarpörf barna sem eru þriggja ára hið minnsta og að starfsmenn hafi hlotið fullnægjandi þjálfun (þ.e. réttindi) til þess að sjá um skipulagt nám barnanna.

#### Skólamenntun

Skilyrði þess að flokka megi nám á leikskólastig er að námið fari fram í skólastofnun. Þetta er gert til að greina nám frá öðrum skipulögðum dagskrám barna utan heimila, s.s. hjá dagforeldri, sem alla jafna fellur utan ramma ISCED-97 flokkunarinnar. Skólamenntun getur farið fram hvort sem er í einkaskóla eða skóla sem rekinn er af opinberum aðilum.

#### Aldursbil

Að jafnaði eru börn yngri en þriggja ára ekki talin til þessa stigs og ekki börn eldri en sex ára. Flest ríki OECD líta svo á að dæmigerður aldur til að hefja nám á leikskólastigi sé þriggja ára þótt í nokkrum löndum, m.a. hér á landi, sé litið svo á að nám í leikskóla geti hafist fyrr. Samkvæmt þessum staðli falla börn yngri en þriggja ára utan ramma ISCED-97. Efri aldursmörk leikskólastigsins miðast oftast við upphaf skyldunáms.

#### Fagmenntun starfsfólks og innihald námsskrár

Þar sem erfitt getur reynst að henda reiður á hvar skil barnagæslu og leikskólakennslu liggja er nauðsynlegt að styðjast við ákveðin viðmið. Kröfur um uppeldis- og kennaramenntun starfsfólks má nota sem vísbendingu um þessi skil. Samkvæmt íslenskum lögum eru gerðar slíkar menntunarkröfur til starfsmanna leikskóla er starfa við uppeldi og menntun barna.

Hvort unnið er eftir námsskrá sem inniheldur þætti sem hafa menntunargildi eða ekki er einnig þáttur í að greina þá starfsemi sem fellur innan ramma fyrir námsstig 0 og þeirrar starfsemi sem fellur utan þess ramma.

#### Sérkennsla

Skipulega kennslu barna með sérþarfir skal flokka á leikskólastig ef aldur barnanna er á áðurgreindu bili eða ef sú menntun sem felst í náminu er umtalsvert minni en á fyrstu árum grunnskólastigsins. Verið getur að það nám sem hér um ræðir fari fram á sjúkrahúsum, sérskólum eða öðrum stofnunum.

### Nám á Íslandi sem flokkast á leikskólastig

Til þessa stigs teljast börn sem stunda nám í leikskóla og eru orðin þriggja ára hið minnsta. Í tölum sem birtar eru innanlands eru jafnframt talin með börn yngri en þriggja ára á leikskólum. Þessi börn voru einnig talin með í tölum sem birtar voru fyrir Ísland á alþjóðavettvangi til skólaársins 2003–2004. Jafnframt flokkast börn sem stunda nám í fimm ára bekkjum grunnskóla til þessa stigs. Námi á þessu stigi telst lokið þegar nemandi hefur nám í grunnskóla.

## 1. BARNASKÓLASTIG

Til samræmis við uppbyggingu ISCED-flokkunarinnar er það nám sem fram fer hér á landi á grunn-skólastigi aðgreint í tvö ISCED stig. Fyrri stigið er barnaskólastig (e. *primary level*) og auðkennt sem námsstig 1.

### Skilgreining og flokkunarskilyrði

Nám á þessu stigi hefst oftast um sex ára aldur, en það er þó nokkuð breytilegt eftir löndum. Í námi á barnaskólastigi eru ekki gerðar forkröfur um formlegt nám, þótt það hafi færst í vöxt að börn hafi sótt leikskóla áður en þau hefja nám í grunnskóla.

*Innihald náms* Nám á barnaskólastigi hefur þann tilgang að veita nemendum trausta grunnmenntun í lestri, skrift og stærðfræði, ásamt grunnskilningi á öðrum námsgreinum svo sem sögu, landafræði, náttúrufræði, samfélagsfræði og listum. Lestrarkennsla ein og sér er ekki fullnægjandi til að nám teljist á barnaskólastigi.

*Skil milli leikskólastigs og barnaskólastigs* Skil milli leikskólastigs og barnaskólastigs markast oftast við þau skil þegar hefðbundið nám á grunnskólastigi hefst, s.s. í lestri, skrift og stærðfræði. Það er þó ekki óalgengt að börn byrji að tileinka sér grunnþætti læsis og talnalæsis þegar á leikskólastiginu.

Annað viðmið um hvort nám teljist til barnaskólastigs fremur en leikskólastigs eru þau skil þegar barnið hefur nám í skóla sem skilgreindur er sem grunnskóli.

Víða er upphaf skyldunáms helsta viðmiðið til að greina á milli þessara stiga og á það við um flokkunina hér á landi. Helsta undantekningin er í þeim löndum þar sem skyldunámið hefst síðar en hefðbundið er að nemendur byrji nám í þeim námsgreinum sem áður er getið. Í þeim tilvikum ráða þau tímamörk þar sem skipulegt nám í lestri, skrift og stærðfræði hefst.

Í flestum löndum fellur flokkun á barnaskólastig saman við það sem litið er á sem grunnnám. Annarsstaðar, þar á meðal hér á landi, telst allt skyldunám til grunnskóla og engin formleg skil eru á milli náms sem fellur á námsstig 1 og námsstig 2. Þar sem svo háttar til er almennt miðað við að fyrstu sex ár grunnmenntunar falli á námsstig 1. Hér á landi hefur verið miðað við að fyrstu sjö ár skólagöngunnar frá 1.–7. bekkjar grunnskóla teljist til barnaskólastigs.

*Nám og barnagæsla* Þar sem daggæsla tekur við að námi loknu (s.s. tíðkast víða í grunnskólum hér á landi) er leitast við að aðgreina starfslið og kostnað sem hlýst af barnagæslu frá því sem telst til náms á barnaskólastigi.

*Sérkennsla* Skipulögð kennsla barna með sérþarfir er flokkuð á barnaskólastig ef innihald námsins er sambærilegt við annað nám á stiginu.

*Fullorðinsfræðsla* Lestrarþjálfun og annað grunnnám innan og utan skólakerfisins sem er áþekkt að innihaldi því námi sem fram fer í grunnskólum, en er fyrir þá sem aldurs vegna sækja ekki grunnskóla, telst á þessu stigi, þar eð námið krefst ekki formlegrar undirbúningsmenntunar.

### Sérstök vandamál

Þótt markmiðið með ISCED sé að gera hin ólíku menntakerfi landa samanburðarhæf þarf þó að gera ýmsa fyrirvara við samanburð. Mjög er misjafnt hve mörg ár eru flokkuð á námsstig 1. Því fylgir að vandasamt getur verið að bera saman ýmsa þætti milli landa, t.d. hlutfall þjóðartekna sem varið er til stigsins eða heildarútgjöld til þess. Fjöldi nemenda á kennara getur skekkst af þessum sökum þar sem mismunandi getur verið hve miklum fjármunum er varið til kennslu yngri og eldri nemenda. Þetta ber að hafa í huga þegar menntakerfi landa eru borin saman.

### Nám á Íslandi sem flokkast á barnaskólastig

Hér á landi teljast fyrstu sjö ár grunnskóla (þ.e. 1.–7. bekkur) til barnaskólastigs (námsstigs 1).

## 2. UNGLINGASTIG

Til samræmis við uppbyggingu ISCED-flokkunarinnar er það nám sem fram fer hér á landi á grunn-skólastigi aðgreint í tvö ISCED stig. Síðara stigið er hér nefnt unglingsstig (e. *lower secondary level*) og auðkennt sem námsstig 2.

### Skilgreining og flokkunarskilyrði

Unglingastig er alla jafna framhald grunnnáms á barnaskólastigi. Áherslum í kennslu á þessu stigi er þó beint í ríkara mæli að tilteknum námsgreinum en á barnaskólastigi, og kennarar kenna ákveðnar námsgreinar sem þeir hafa sérþekkingu á. Sums staðar erlendis getur nám á þessu stigi ýmist verið undirbúningur undir þátttöku á vinnumarkaði eða undirbúningur undir nám á framhaldsskólastigi. Í löndum OECD er nám á þessu stigi frá tveimur upp í sex ár, en algengast er að námið taki þrjú ár.

*Aðgangsskilyrði* Algengt er að aðgangur að námi á unglingsstigi sé bundinn því að námi á barnaskólastigi eða sambærilegu námi hafi verið lokið, þ.e. að nemandi sýni fram á getu til að ráða við innihald náms á unglingsstigi á grundvelli fyrri menntunar og reynslu. Hér á landi færast nemendur frá 7. bekk grunnskóla til 8. bekkjar án formlegrar fyrirstöðu.

*Námslengd á unglingsstigi* Erlendis er algengt að nám á unglingsstigi hefjist eftir sex ára nám á barnaskólastigi og ljúki eftir níu ára nám frá því að grunnnám hófst. Í fjölmörgum löndum OECD marka námslok á unglingsstigi vendipunkt í námi. Almenn gildir að lok náms á þessu stigi marki lok grunnnáms.

*Mörk barnaskólastigs og unglingsstigs* Mörk barnaskóla- og unglingsstigs endurspeglar víða skil í menntakerfi landa þar sem kennsluhættir taka að breytast. Nám í byrjun þessa stigs ætti að endurspeglar þau hvörf þegar skipulag náms fer í ríkara mæli að mótast eftir námsgreinum, kenndum af kennurum sem hafa á þeim sérþekkingu. Í þeim löndum (þ.m.t. hér á landi) þar sem færslan á milli barnaskóla- og unglingsstigs endurspeglar ekki formleg skil í skipulagi menntakerfis landsins, er skiptingin milli stiga við alþjóðlega skýrslugerð miðuð við það þegar skólakerfið fer að taka á sig ofangreind einkenni. Þar sem engin augljós skil eru hvað varðar skipulag námsins er mælt með því að skilin séu gerð við lok sex ára náms. Við greiningu íslenska skólakerfisins hefur verið tekin ákvörðun um að marka þessi skil við lok 7. bekkjar, m.a. af sögulegum ástæðum.

### Víddir unglingsstigsins

Á unglingsstigi er unnt að greina nám í víddir eftir því hvort námið leiðir þann sem lýkur því til frekara náms eða til starfs, og eftir áherslu náms, þ.e. hvort um er að ræða almennt nám, starfsnám eða undirbúning undir starfsnám (for–starfsnám). Almenn gildir um víddir ISCED-flokkunarkerfisins að þær eru óháðar innbyrðis þannig að unnt er víxlflökka eftir stigi, stefnu og áherslu náms.

*Stefna náms* Unglingsstigið er nánar greint eftir stefnu námsins, þ.e. hvert það leiðir nemandann.

- **Námsstig 2A:** Námsskipan lýtur að undirbúningi nemenda fyrir nám á stigi 3 og háskólanámi að því loknu; þ.e. námið veitir aðgang að námi á stigi 3A eða 3B.
- **Námsstig 2B:** Námsskipan lýtur að undirbúningi og veitir aðgang að námi á stigi 3C.
- **Námsstig 2C:** Námsskipan miðast fyrst og fremst við að veita aðgang að störfum á vinnumarkaði að námi loknu.

*Áhersla náms* Einnig er unnt að greina nám á unglingsstigi eftir því að hve miklu leyti námið miðar að tilteknu starfssviði og hvort það veitir réttindi sem hafa gildi á vinnumarkaði. Áhersla náms er ýmist auðkennd með tölustöfunum 1, 2 og 3, eða með bókstöfunum G (sbr. enska heitið *general*), P (sbr. enska heitið *pre-vocational*) eða V (sbr. enska heitið *vocational*).

- **Tegund G (1) (almennt nám):** Námsskipan gerir ekki sérstaklega ráð fyrir þjálfun til tiltekinna starfa eða iðna, né til undirbúnings fyrir starfsnám. Minna en fjórðungur innihalds námsins er starfsmiðað.
- **Tegund P (2) (for–starfsnám):** Námsskipan miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá fyrir frekara starfsnám. Námið veitir ekki réttindi á vinnumarkaði. Það er starfsnám að einum fjórða hið minnsta.

- **Tegund V (3) (starfsnám):** Námið miðar að því að undirbúa nemendur undir og veita beinan aðgang að tilteknum störfum, án frekari þjálfunar. Námslok veita yfirleitt réttindi á vinnumarkaði á viðkomandi starfssviði.

Almennt er miðað við að nám sé flokkað eftir námsskipan þess í heild, þótt einstakir hlutar námsleiðarinnar gætu verið flokkaðir á annan hátt en námið í heild. Þannig hefst starfsnám oft á almennu námi eða for–starfsnámi en þegar námsleiðin er flokkuð skal skoða heildarskipulag námsins.

### Sérstök atriði varðandi flokkun

*Notkun tegundar til flokkunar sérkennslu*

Gert er ráð fyrir að nám sem miðast við að veita nemendum sem hafa sérkennsluþarfir grunnmenntun til að taka þátt í atvinnulífínu skuli flokkað sem tegund P (2) (for–starfsnám) ef það uppfyllir skilyrði sem gerð eru til for–starfsnáms. For–starfsnám er skilgreint sem nám sem miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá undir frekara starfsnám.

*Mörk unglíngastígs og framhaldsskólastígs*

Skil í íslenska menntakerfinu milli grunnskóla og framhaldsskóla marka einnig skilin á milli námsstígs 2 og námsstígs 3. Misjafnt er á milli landa á hvaða aldri og eftir hve langa skólagöngu þessi skil verða. Í löndum þar sem engin formleg skil eru á milli þessara skólastíga og þar sem síðari hluti grunnnáms varir lengur en þrjú ár, eru einungis fyrstu þrjú árin að loknu barnaskólastígi talin til unglíngastígsins.

*Millinám*

Í sumum löndum er boðið upp á stutt nám eftir námslok á unglíngastígi til að undirbúa nemendur undir annars konar nám á framhaldsskólastígi en undirbúningur þeirra laut að í námi þeirra á grunnskólastígi. Slíkt nám flokkast á unglíngastig.

*Sérkennsluþarfir og fullorðinsfræðsla*

Á þetta stig flokkast námsleiðir þar sem komið er til móts við sérþarfir nemenda sem og fullorðinsfræðsla þar sem boðið er upp á sambærilegt nám og í grunnskólum, t.d. nám sem veitir fullorðnum aðgang að námi á framhaldsskólastígi.

### Nám á Íslandi sem flokkast á unglíngastig

Nám hér á landi sem flokkast á unglíngastig er nám í 8.–10. bekk grunnskóla en það flokkast sem námsstig 2AG. Sú flokkun gildir einnig um nám í sérdeildum 8.–10. bekkjar grunnskóla.

### 3. FRAMHALDSSKÓLASTIG

#### Skilgreining og flokkunarskilyrði

Framhaldsskólastig í ISCED-flokkunarkerfinu samsvarar í meginatriðum framhaldsskólastigi íslenska skólakerfisins. Víða í ríkjum OECD er litið á nám á þessu stigi sem síðari hluta náms á öðru stigi (sbr. e. *upper secondary level*). Nám á framhaldsskólastigi er gjarnan skipulagt á grundvelli námsbrauta, mun meira en á unglíngastigi. Oft er krafist meiri menntunar eða meiri sérgreinamenntunar af kennurum en á unglíngastigi. Algengur aldur nemenda sem hefja nám á þessu stigi er 15–16 ár. Verulegur munur er á lengd námstíma á framhaldsskólastigi bæði innan og á milli landa en algengt er að námstíminn sé á bilinu 2–5 ár. Námskipan á framhaldsskólastigi getur ýmist miðað að starfi á vinnumarkaði eða að undirbúningi frekara náms, s.s. í háskóla.

*Aðgangsskilyrði* Alla jafna er það gert að skilyrði fyrir innritun nemanda í nám á framhaldsskólastigi að hann hafi lokið námi á unglíngastigi. Nemendur geta þó fengið aðgang að námi á þessu stigi hafi þeir sýnt fram á menntun og reynslu sem telst fullnægjandi til að ráða við nám á framhaldsskólastigi.

*Sérkennsluþarfir og fullorðinsfræðsla* Telja ber til þessa stigs námsleiðir nemenda sem hafa þörf fyrir sérkennslu sem og alla fullorðinsfræðslu sem er sambærileg við nám á þessu stigi.

*Námsleiðir á mörkum framhaldsskólastigs og háskólastigs* Í nokkrum löndum eru í boði námsleiðir sem eru bæði á námsstigi 3 og 5, þ.e. við upphaf náms er námið á framhaldsskólastigi en við lok þess á háskólastigi. Í slíkum tilvikum eru nemendur flokkaðir á námsstig 3 eða á námsstig 5 eftir því hvar í náminu þeir eru staddir hverju sinni.

#### Víddir framhaldsskólastigsins

*Stefna náms* Framhaldsskólastig er nánar greint eftir stefnu námsins, þ.e. hvert námið leiðir.

- **Námsstig 3A:** Námskipan á námsstigi 3A miðast við að veita aðgang að fræðilegu háskólanámi (5A).
- **Námsstig 3B:** Námskipan á námsstigi 3B er miðuð við að veita aðgang að starfsmiðuðu háskólanámi (5B).
- **Námsstig 3C:** Námskipan á námsstigi 3C miðast við að búa nemendur undir beinan aðgang að vinnumarkaðinum. Nám á þessu stigi getur jafnframt leitt til náms á viðbótartstigi (4) eða frekara náms á framhaldsskólastigi. Samningsbundið starfsnám á framhaldsskólastigi er flokkað hér nema ef markmið námsins er fyrst og fremst undirbúningur undir nám á háskólastigi (5).

Með beinum aðgangi er ekki endilega átt við formlega skilgreiningu á stefnu námsleiðarinnar (sem endurspeglar ekki endilega veruleikann), og heldur ekki náms- eða starfsval nemenda í reynd (sem getur verið breytilegt t.d. vegna ástandsins á vinnumarkaðinum). Námsleiðum er skipað í flokk A, B og C á grundvelli uppbyggingar námsskrárinnar, þ.e. hvers kyns háskólanám (á námsstigi 5A eða 5B) er verið að búa nemendur undir, eða hvort verið sé að búa nemendur undir þátttöku á vinnumarkaði. Í öllum tilvikum er námsleiðin flokkuð eftir aðalmarkmiði námsins.

*Áhersla náms* Unnt er að greina námsleiðir á framhaldsskólastigi eftir vídd sem byggist á áherslu námsins, þ.e. hvort námið miði að sérstöku starfssviði og veiti réttindi sem hafa gildi á vinnumarkaðinum.

- **Tegund G (1) (almennt nám):** Námskipan gerir ekki sérstaklega ráð fyrir þjálfun fyrir tiltekin störf eða iðnir, né undirbúningi fyrir starfsnám. Minna en fjórðungur innihalds námsins er starfsmiðuð. Í alþjóðlegum samanburði er þessi flokkur yfirleitt auðkenndur með G (sbr. enska heitið *general*).
- **Tegund P (2) (for–starfsnám):** Námskipan miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá fyrir frekara starfsnám. Námið veitir ekki réttindi á vinnumarkaði. Það er starfsnám að einum fjórðungi hið minnsta. Í alþjóðlegum samanburði er þessi flokkur gjarnan auðkenndur með P (sbr. enska heitið *pre–vocational*).
- **Tegund V (3) (starfsnám):** Námið miðar að því að búa nemendur undir og veita beinan aðgang að tilteknum störfum án frekari þjálfunar. Námslok veita yfirleitt réttindi á vinnumarkaði á viðkomandi starfssviði. Í alþjóðlegum samanburði er þessi flokkur oftast auðkenndur með V (sbr. enska heitið *vocational*).

Í sumum tilvikum bera fyrstu mánuðir eða fyrsta námsár í starfsnámi einkenni for–starfsnáms. Samkvæmt ISCED-97 skal eingöngu flokka námið sem for–starfsnám ef námsleiðin í heild sinni ber einkenni for–starfsnáms.

### Sérstök atriði varðandi flokkun

*Nám sem samanstendur af fleiri en einu valsviði*

Í sumum löndum geta nemendur lokið námi á framhaldsskólastigi með því að velja námsleið sem er samsett úr fleiri en einu valsviði, s.s. fyrsta ár iðnnám, annað árið félagsfræðinám o.s.frv. Ólík samsetning valsviða getur þýtt að ekki er unnt að tilgreina stefnu náms eða áherslu þess m.t.t. þess hvort um almennt eða starfsmiðað nám er að ræða. Slíkt nám skal flokkað á framhaldsskólastig án þess að tilgreina stefnu þess eða áherslu.

*Að ljúka framhaldsskólastigi*

Mjög er misjafnt hversu lengi nám á framhaldsskólastigi varir. Ef námslok af stuttum námsleiðum á framhaldsskólastigi væru talin til loka framhaldsskólastigsins, þegar um menntunarstöðu þjóða er að ræða, gæti það skekk alþjóðlegan samanburð. Til þess að sporna við þessari skekkju er litið svo á að til þess að framhaldsskólastigi geti talist lokið þurfi námsleiðin að uppfylla lágmarksskilyrði um lengd.

Almennt gildir að við námslok af námsleiðum á námsstigi 3A eða 3B teljist framhaldsskólastigi vera lokið. Styttri námsleiðir á námsstigi 3C þykja of stuttar til þess að geta talist til námsloka á framhaldsskólastigi þegar menntunarstaða þjóða er metin. Í alþjóðlegum samanburði á menntunarstöðu er því algengt að undanskilja þær námsleiðir á námsstigi 3C á framhaldsskólastigi sem eru meira en einu ári styttri en námsleiðir á námsstigi 3A eða 3B í viðkomandi landi. Miðað við fjögurra ára nám á framhaldsskólastigi sem tíðkast hér á landi á námsstigi 3A telst framhaldsskólastigi því ekki lokið eftir námslok af námsleiðum sem eru styttri en þrjú ár á námsstigi 3C, þegar menntunarstaða þjóðarinnar er mæld.

Þegar stuttu námi á námsstigi 3C er fylgt eftir með námi á viðbótarstigi (4) ber að líta til samanlagðs námstíma á námsstigi 3C og 4 þegar meta á hvort námsmaður hefur lokið námi á framhaldsskólastigi eða viðbótarstigi. Ef samanlagður námstími á námsstigi 3C og á viðbótarstigi er meira en einu ári skemmri en venjulegur námstími á námsstigi 3A eða 3B þá teljast þeir sem ljúka slíku námi hafa lokið framhaldsskólastigi.

Þeir sem lokið hafa stuttu námi á námsstigi 3 (og ekki hafa lokið frekara námi) verða í flestum tilvikum flokkaðir eins og þeir sem einungis hafa lokið námi á unglingsstigi. Þetta á við þegar menntunarstaða þjóða er metin í þeim tilgangi að gera samanburð þjóða í milli eða þegar þróun menntunarstöðu þjóða er metin.

### Nám á Íslandi sem flokkast á framhaldsskólastig

Almennt gildir að nám í framhaldsskóla á Íslandi flokkast á framhaldsskólastig. Meðal náms í framhaldsskóla hér á landi sem flokkast á framhaldsskólastig eru bóknáms- og tæknibrautir til stúdentsprófs sem flokkast sem 3AG; listnám á framhaldsskólastigi flokkast flest sem 3BP og nám í löggiltri iðngrein á 3CV. Meðal náms í framhaldsskólum sem *ekki* flokkast á framhaldsskólastig er meistaranám í löggiltri iðngrein, 4. stig skipstjórnar og vélstjórnar, lækningaritarnám, leiðsögunám og nám í margmiðlun sem allt flokkast á viðbótarstigi (4). Nánari upplýsingar um flokkun náms á framhaldsskólastigi á Íslandi verða birtar á vef Hagstofu Íslands.

## 4. VIÐBÓTARSTIG

### Skilgreining og flokkunarskilyrði

Hugtakið viðbótarstig vísar til náms sem liggur á mörkum þess að vera framhaldsskólanám og háskólanám. Á þetta stig falla námsleiðir sem eru flokkaðar ýmist á framhaldsskólastig eða háskólastig samkvæmt skilgreiningum einstakra landa. Enska heiti stigsins skýrir að nokkru leyti hvers konar nám fellur á þetta stig: *post–secondary, non–tertiary*, sem skýra mætti sem nám á framhaldsskólastigi sem byggt er ofan á eða bætur við nám á því stigi en telst þó ekki vera háskólanám samkvæmt skilgreiningu á námsstigi 5.

Í námi á þessu stigi eru ekki endilega gerðar meiri kröfur til nemenda en á framhaldsskólastigi. Námið hefur hins vegar þann tilgang að veita nemendum sem lokið hafa námi á framhaldsskólastigi breiðari þekkingu. Dæmigert er að nemendur á viðbótarstigi séu eldri en nemendur á framhaldsskólastigi. Að jafnaði hafa nemendur sem hefja nám á viðbótarstigi lokið námi á framhaldsskólastigi.

*Lengd námstíma* Dæmigerð lengd náms á viðbótarstigi í fullu námi getur verið frá sex mánuðum upp í tvö ár.

*Aðgangsskilyrði* Dæmigerð inntökuskilyrði í nám á viðbótarstigi er að framhaldsskólastigi sé lokið. Ef námi á námsstigi 3A eða 3B er lokið telst framhaldsskólastigi vera lokið. Ef gerð er forkrafa um að námsstigi 3A eða 3B sé lokið flokkast það nám ekki á lægra námsstigi en viðbótarstig. Nám á námsstigi 3C sem er áþekkt að lengd og hefur innihald sem er á sambærilegu stigi og nám á stigi 3A og 3B getur einnig uppfyllt lágmarks inntökuskilyrði fyrir nám á námsstigi 4. Þegar nám á námsstigi 3C er umtalsvert styttra en nám á stigi 3A eða 3B (t.a.m. þar sem munar meiru en einu ári), ber að líta til samanlagðs námstíma á námsstigi 3C og 4 þegar meta á hvort námsmaður hafi lokið námi á framhaldsskólastigi eða viðbótarstigi. Ef samanlagður námstími á námsstigi 3C og á viðbótarstigi er meira en einu ári skemmri en venjulegur námstími á námsstigi 3A eða 3B flokkast þeir sem ljúka slíku námi á framhaldsskólastig. (Dæmi miðað við skólakerfi þar sem nám á stigi 3A eða 3B tekur fjögur ár: Tveggja ára námi lokið á námsstigi 3C og síðan er sex mánaða námi á viðbótarstigi bætt við. Samanlögð lengd náms á stigum 3C og 4 er alls 2½ ár eða 1½ ári skemmra en nám á námsstigi 3A og 3B (4 ár). Slíkt nám myndi flokkast á framhaldsskólastig þegar menntunarstaða er greind. Nám sem þetta á við fyrirfinnst ekki hér á landi miðað við núverandi skipan).

### Víddir viðbótarstigsins

*Stefna náms* Námsstig 4 er nánar greint eftir stefnu námsins, þ.e. hvert það leiðir nemandann.

- **Námsstig 4A:** Nám á viðbótarstigi sem miðar að því að veita aðgang að fræðilegu háskólanámi (5A).
- **Námsstig 4B:** Nám á viðbótarstigi sem miðar að því að veita aðgang að starfsmiðun háskólanámi (5B).
- **Námsstig 4C:** Nám á námsstigi 4 sem miðar ekki að því að veita aðgang að námi á námsstigum 5A eða 5B. Þetta nám leiðir beint til starfa á vinnumarkaði eða til annars náms á námsstigi 4.

*Áhersla náms* Unnt er að greina námsleiðir á námsstigi 4 eftir vídd sem byggist á áherslu námsins, þ.e. að hvaða marki námið miðar að sérstöku starfssviði eða iðn og veitir réttindi sem hafa gildi á vinnumarkaðinum.

- **Tegund G (1) (almennt nám):** Námsskipan gerir ekki sérstaklega ráð fyrir sérþjálfun til tiltekinna starfa eða iðna, né til undirbúnings fyrir starfsnám. Minna en fjórðungur námsinnihalds er starfsmiðað. Í alþjóðlegum samanburði er þessi flokkur yfirleitt auðkenndur með G (sbr. enska heitið *general*).
- **Tegund P (2) (for–starfsnám):** Námsskipan miðar aðallega að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og búa þá undir frekara starfsnám. Námið veitir ekki réttindi á vinnumarkaði. Það er starfsnám að einum fjórðungi hið minnsta. Í alþjóðlegum samanburði er þessi flokkur gjarnan auðkenndur með P (sbr. enska heitið *pre–vocational*).
- **Tegund V (3) (starfsnám):** Námið miðar að því að búa nemendur undir og veita beinan aðgang að tilteknum störfum, án frekari þjálfunar. Námslok veita réttindi á vinnumarkaði á viðkomandi starfssviði. Í alþjóðlegum samanburði er þessi flokkur oftast auðkenndur með V (sbr. enska heitið *vocational*).

### Nám á Íslandi sem flokkast á ISCED-stig 4

Meðal náms sem flokkast á þetta stig er meistaranám í löggiltri iðngrein, 4. stig skipstjórnar og vélstjórnar, leiðsögunám, iðnfræði, margmiðlun og læknaritarnám. Allt þetta nám er flokkað sem 4CV. Nánari upplýsingar um flokkun náms á viðbótarstigi á Íslandi verða birtar á vef Hagstofu Íslands.

## 5. HÁSKÓLASTIG

Aðgangur að námi á þessu stigi krefst þess að námsstigi 3A eða 3B eða að sambærilegu námi á stigi 4A eða 4B sé lokið. Námi á háskólastigi skal samkvæmt námsskipan ekki vara skemur en tvö ár frá upphafi náms á námsstigi 5 og skal ekki leiða beint til rannsóknargráðu (þ.e. doktorsgráðu eða annarrar sambærilegrar námsgráðu sem flokkast á doktorsstigi (6)). Námi á þessu stigi er aðgreint í fræðilegt háskólanám (5A) og starfsmiðað háskólanám (5B). Fræðilegt háskólanám tekur til námsleiða sem eru að stærstum hluta fræðilegs eðlis og hafa það markmið að þjálfa hæfileika sem eru forsendur innritunar í rannsóknarnám á æðra stigi sem og aðgangs að störfum þar sem krafist er sérþekkingar á háu stigi. Starfsmiðað háskólanám er hins vegar nám sem er yfirleitt hagnýtara, tæknilegra eða starfsmiðaðra en fræðilegt háskólanám.

### Stig 5A: Fræðilegt háskólanám

*Skilgreining og flokkunarskilyrði*

Uppbygging náms á þessu stigi byggir á traustum fræðilegum undirstöðum með áherslu á hug- og raunvísindi (sagnfræði, heimspeki, stærðfræði o.s.frv.) eða er undirbúningur undir starfssvið þar sem gerð er krafa um færni og kunnáttu á háu stigi (s.s. læknisfræði, tannlækningar, byggingarlist). Þar sem uppbygging háskólanáms er mjög mismunandi landa í milli hefur ekkert eitt atriði úrslitapýðingu um hvort nám er flokkað á námsstigi 5A eða 5B. Eftirfarandi eru lágmarksskilyrði fyrir því að nám flokkist sem fræðilegt háskólanám, þó verið geti að einstakar námsleiðir sem flokkist á námsstigi 5A uppfylli ekki öll skilyrðin.

Fræðilegt háskólanám:

- Samanlögð lengd námstíma á háskólastigi samkvæmt námsskipan er *þrjú* ár í fullu námi hið minnsta. Almenn gildir að skólavist hafi varað í a.m.k. 13 ár áður en fræðilegt háskólanám hefst. Samkvæmt núgildandi námsskipan hér á landi hefur skólavist varað í 14 ár áður en fræðilegt háskólanám hefst.
- Námi á þessu stigi leiðir til menntunar sem gerð er krafa um í sérfræðistörfum eða í rannsóknarnámi.
- Kennslustofnunin þar sem námið fer fram skal vera viðurkennd sem rannsóknarstofnun. Það þýðir þó ekki að nám á námsstigi 5A verði að fara fram við stofnun sem býður upp á rannsóknarnám (s.s. doktorsnám). Almenn gildir að kennarar stofnunarinnar þar sem námið fer fram skuli uppfylla skilyrði þess að geta undirbúið nemendur undir nám á doktorsstigi eða undir störf sem krefjast sérþekkingar á háu stigi.
- Í námi á þessu stigi getur falist rannsóknarverkefni eða rannsóknarritgerð.

Í námi þar sem ein námsgráða leiðir af annarri er það að jafnaði hæsta námsgráðan sem veitir aðgang að doktorsstigi (6). Allar þær námsleiðir sem leiða til háskólagráða í slíkri röð gráða teljast þó til fræðilegs háskólanáms. Hér á landi þýðir það að þótt gerð sé forkrafa um meistargráðu á doktorsstigi, teljast BA-, B.Ed.- og BS-gráður einnig til námsstigs 5A.

### Víddir fræðilegs háskólanáms

*Samanlögð lengd náms samkvæmt námsskipan*

Unnt er að greina námsleiðir fræðilegs háskólanáms eftir samanlagðri lengd námstíma. Fyrir grunnnám á háskólastigi er samanlögð lengd námstíma einfaldlega lengd náms miðað við fullt nám samkvæmt námsskipan frá upphafi náms á háskólastigi. Fyrir námsleiðir þar sem gerðar eru forkrafur um nám á háskólastigi (sjá um gráðuröð hér að neðan), er með samanlagðri lengd námstíma átt við lágmarkslengd náms í því námi sem gerð er forkrafa um, að viðbætti lengd náms samkvæmt námsskipan viðkomandi námsleiðar. Sums staðar er lengd námstíma samkvæmt námsskipan sveigjanleg og er námið þá flokkað með öðru námi sem er sambærilegt hvað innihald varðar.

*Flokkun námslengdar*

- **Stutt nám (S):** Námi sem tekur tvö ár hið minnsta en er styttra en þrjú ár.
- **Meðallangt nám (M):** Námi sem tekur þrjú ár hið minnsta en er styttra en fimm ár.
- **Langt nám (L):** Fimm til sex ára nám.
- **Mjög langt nám (ML):** Lengra nám en sex ár.

Þar sem stutt nám myndi ekki uppfylla skilyrði um lágmarkslengd fræðilegs háskólanáms á þessi flokkur einungis við um millinám, sem er hluti lengra náms samkvæmt innlendra námsskipan. Þetta hefur í för með sér að námsleiðir sem eru styttri en þrjú ár eru ekki flokkaðar sem fræðilegt háskólanám nema að þær séu námsþáttur eða liður í lengra námi. Þeir sem ljúka námi á námsleiðum sem skilgreindar eru sem stutt nám teljast ekki til brautskráðra af námsstigi 5A. Einnig er til flokkurinn „mjög stutt nám (MS)“ sem nær yfir nám sem er styttra en 2 ár en sá flokkur er aðallega notaður á stigi 5B.

<i>Lengd náms</i>	Sums staðar þar sem verulegur mismunur er á lengd náms samkvæmt námsskipan og dæmigerðri lengd námstíma hefur verið ákveðið að miða fremur við dæmigerðan námstíma.
<i>Gráðuröð samkvæmt innlendra námsskipan</i>	Þessi vídd er notuð við flokkun náms á námsstigi 5A og 5B og greinir röð þeirra gráða sem veittar eru á háskólastigi á grundvelli uppbyggingar háskólanáms í hverju landi. Helsta ástæða þess að gráðuröð einstakra landa er tekin inn sem breyta í ISCED-97 er sú að veiting háskólagráða er mikilvæg bæði í skipulagi menntakerfisins og á vinnumarkaðinum.  Röð gráða eða réttinda er byggð upp sem stighækkandi þrep í menntakerfi hvers lands (s.s. BA-gráða, MA-gráða, doktorsgráða). Með því að tengja gráðuröð við aðrar víddir háskólastigsins má fá lýsandi upp lýsingar um skólakerfi einstakra landa sem eru samanburðarhæfar á alþjóðavísu.
<i>Flokkun eftir gráðuröð</i>	0. Stutt hagnýtt nám 1. Grunnpróf 2. Framhaldsgráða 3. Þriðja eða hærra gráða  Bachelor-gráður hér á landi teljast til grunnprófs. Það sama á við um samskonar gráður í enskumælandi löndum, <i>Diplom</i> -gráður í þýskumælandi löndum og <i>Licence</i> -gráður í frönskumælandi löndum. Meistaraprófsgráða hér á landi er flokkuð sem framhaldsgráða. Það sama á við um <i>Master's</i> -gráður í enskumælandi löndum, og <i>Maîtrise</i> -gráður í frönskumælandi löndum. Doktorsgráður eða sambærilegt nám telst til doktorsstigs (6).

### Fræðilegt háskólanám – Sérstök atriði varðandi flokkun

<i>Hvernig skal flokka stutt hagnýtt nám á námsstigi 5A?</i>	ISCED-97 gerir ráð fyrir að fræðilegt háskólanám til grunnprófs taki ekki skemmri tíma en þrjú ár í fullu námi. Flokkurinn "stutt hagnýtt nám" miðast við þarfir einstakra landa þar sem boðið er upp á nám sem ekki uppfyllir skilyrðið um þriggja ára lengd námstíma en fellur að öðru leyti að flokkun á námsstigi 5A. Við alþjóðlegan samanburð á menntunarstigi þjóða eru námslok úr stuttu hagnýtu námi alla jafna ekki talin til námsloka á stigi 5A.
<i>Nám að loknu grunnprófi sem ekki leiðir til framhaldsgráðu</i>	Samkvæmt ISCED-97 er stig 5A fyrst og fremst hugsað fyrir háskólanám sem er að mestu leyti fræðilegs eðlis og hefur það markmið að veita fullnægjandi undirbúning undir rannsóknarnám og störf þar sem krafist er sérþekkingar á háu stigi. Víða er boðið upp á viðbótarnám (e. <i>post-graduate diploma</i> ) að fenginni gráðu úr námi sem flokkað er á námsstig 5A. Þessar námsleiðir hafa þann tilgang að breikka þekkingu nemenda eða veita sérþekkingu á tilteknu sviði en leiða ekki endilega til rannsóknarnáms. Ekki er litið svo á að slíkt nám leiði til framhaldsgráðu. Dæmi um nám af þessu tagi hér á landi er kennslufræði til kennsluréttinda við Háskóla Íslands þar sem gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið BA/BS-gráðu áður en nám hefst. Námsleiðir sem þessar skal flokka sem fræðilegt háskólanám ef forkrafa er gerð um námslok á námsstigi 5A og ef þær byggja á þeirri þekkingu sem nemendur öfluðu sér á því stigi.
<i>Flokkunarskilyrði fyrir námsstig 5A, framhaldsgráðu (gráðuröð 2)</i>	Til að nám flokkist á námsstig 5A, framhaldsgráða, er nauðsynlegt að grunnprófi eða sambærilegu prófi sé lokið áður en nám hefst. Innihald framhaldsnámsins skal vera á umtalsvert hærra stigi en náms sem telst til námsstigs 5A, grunnpróf.
<i>Námsgráður í læknisfræði, tannlækningum og dýralækningum</i>	Fyrstu námsgráður í læknisfræði, tannlækningum og dýralækningum flokkast á námsstig 5A. Sérfræðinám á þessu sviði flokkast einnig á stig 5A nema það uppfylli skilyrði þess að teljast til doktorsstigs (6).  Í nokkrum löndum er boðið upp á nám á meistarastigi sem er svo til eingöngu eða alfarið rannsóknarnám. Slíkt nám ber ýmis einkenni doktorsstigs en er þó að jafnaði styttra og gerir venjulega ekki sömu kröfur til sjálfstæðis nemenda og doktorsnám. Slíkt nám flokkast á námsstig 5A og flokkast oft sem fræðilegt háskólanám, langt (eða mjög langt) nám, framhaldsgráða (5AL2).

### Nám á Íslandi sem flokkast sem fræðilegt háskólanám (5A)

Almennt nær námsstig 5A yfir háskólanám sem leiðir til BA/BS/B.Ed.-gráðu, kandidateits- eða meistaragráðu. Dæmi um nám á námsstigi 5A er þriggja ára nám til BA-prófs sem flokkast sem 5AM1, fimm ára embættispróf í lögfræði sem 5AL1 og tveggja ára MA-próf eftir þriggja ára BA próf (BA+2 ár) sem 5AL2. Boðið er upp á stuttar hagnýtar námsleiðir við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Kennaraháskóla Íslands sem eru 45 einingar eða 1½ ár og lýkur með diplóma. Það nám telst oftast vera á námsstigi 5AMS0 þótt

nemendur sem því hafa lokið geti ekki talist til brautskráðra af stigi 5A. Nánari upplýsingar um flokkun fræðilegs háskólanáms á Íslandi verða birtar á vef Hagstofu Íslands.

### Stig 5B: Starfsmiðað háskólanám

*Skilgreining og flokkunarskilyrði*

Nám á námsstigi 5B er almennt hagnýtara, tæknilegra eða starfsmiðaðra en nám á námsstigi 5A. Réttindanám á stigi 5B er venjulega styttra en slíkt nám á stigi 5A og beinist að því að þjálfa sérhæfða starfs-hæfni sem miðast við beinan aðgang að vinnumarkaði þó svo að námsleiðir á þessu stigi geti falið í sér nokkurt nám í fræðilegum undirstöðum greinarinnar.

Algengt er að starfsmiðað háskólanám uppfylli eftirtalin skilyrði:

- Námið er hagnýtara og starfsmiðaðra en námsleiðir sem flokkaðar eru á námsstig 5A og býr nemendur ekki undir að hefja nám til rannsóknargráðu á borð við doktorsgráðu.
- Lengd náms er ekki styttri en tvö ár í fullu námi.
- Að jafnaði er innihald námsins miðað við að búa nemendur undir að gegna tilteknu starfi.

### Víddir starfsmiðaðs háskólanáms

*Samanlögð lengd náms samkvæmt námsskipan*

Eins og gildir um námsleiðir á stigi 5A er unnt að greina nám á stigi 5B á grundvelli samanlagðrar lengdar námstíma í fullu námi frá upphafi náms á stigi 5. Sjá nánar athugasemdir hér að ofan í liðnum: **Víddir fræðilegs háskólanáms.**

*Flokkun námslengdar*

- **Mjög stutt nám (MS):** Styttra nám en tvö ár.
- **Stutt nám (S):** Nám sem tekur tvö ár hið minnsta en er styttra en þrjú ár.
- **Meðallangt nám (M):** Nám sem tekur þrjú ár hið minnsta en er styttra en fimm ár.
- **Langt nám (L):** Fimm til sex ára nám.
- **Mjög langt nám (ML):** Lengra nám en sex ár.

Þar sem „mjög stutt nám“ uppfyllir ekki skilyrði um lengd námstíma til að teljast til náms á stigi 5B, er þessi flokkur einungis hagnýttur í alþjóðlegum samanburði um nám sem er liður í frekara námi á stigi 5B samkvæmt uppbyggingu menntakerfis hvers lands. Ekki er litið svo á að einstaklingar sem lokið hafa námi á háskólastigi sem er styttra en tvö ár (þ.e. hafa lokið mjög stuttu námi) hafi lokið grunnprófi (gráðuröð 1) samkvæmt ISCED-97. Algengast er að nám á námsstigi 5B sé stutt eða meðallangt.

*Gráðuröð samkvæmt innlendri námsskipan*

Eins og gildir um námsleiðir í fræðilegu háskólanámi er unnt að flokka starfsmiðað háskólanám eftir vídd sem segir til um gráðuröð námsleiðarinnar á háskólastigi samkvæmt innlendri námsskipan.

*Flokkun eftir gráðuröð*

0. Stutt hagnýtt nám
1. Grunnpróf
2. Framhaldsgráða
3. Þriðja eða hærri gráða

### Nám á Íslandi sem flokkast sem starfsmiðað háskólanám

Til náms á þessu stigi flokkast nokkrar námsleiðir á háskólastigi sem ekki leiða til BA/BS-gráðu, s.s. hljóðfærakennaranám (5BS1 eða 5BM1), söngkennaranám (5BM1), listnám á háskólastigi sem ekki leiðir til Bachelor-gráðu (5BS1 eða 5BM1), kerfisfræði (5BS1), rekstrarfræði (5BS1) og kennararéttindanám þar sem ekki er gerð forkrafa um BA/BS-gráðu (5BM1).

## 6. DOKTORSSTIG

### Skilgreining og flokkunarskilyrði

Þetta stig er eingöngu fyrir háskólanám sem leiðir til æðstu rannsóknargráðu (á Íslandi doktorsgráðu). Námslengd samkvæmt námsskipan er þrjú ár í fullu námi í flestum löndum, þó svo að námstíminn sé yfirleitt lengri. Víða þýðir það að samanlögð lengd náms í háskóla er ekki styttri en sjö ár í fullu námi. Námið er framhaldsnám á háskólastigi og miðar að sjálfstæðum rannsóknum.

Kröfur til námsleiða sem flokkast á doktorsstig eru eftirfarandi:

- Til að ljúka námi þarf að leggja fram doktorsritgerð eða sambærilegt verk í útgáfuhæfu ástandi sem inniheldur niðurstöður sjálfstæðra rannsókna og felur í sér verulegt framlag til þekkingar.
- Námið er ekki eingöngu byggt upp af námskeiðum.
- Námið undirbýr námsmenn undir rannsóknar- og/eða kennarastöður við háskóla sem bjóða upp á nám á stigi 5A og jafnframt rannsóknarstöður hjá hinu opinbera og í atvinnulífinu.

Flest lönd, þ.á.m. Ísland, bjóða einungis upp á eina námsgráðu á þessu stigi: doktorsgráðu. Í nokkrum löndum er unnt að ljúka styttri námsgráðu á þessu stigi (s.s. *DEA* í Frakklandi) og annarsstaðar er unnt að ljúka síðari námsgráðu á þessu stigi (s.s. *Habilitation* í Þýskalandi). Þótt nám á meistarastigi innihaldi stóran rannsóknarþátt skal flokka það sem nám á stigi 5A.

### Nám á Íslandi sem flokkast á doktorsstig

Hér á landi flokkast einungis doktorsnám á doktorsstig.

# SVIÐ MENNTUNAR



## INNGANGUR

Í alþjóðlega flokkunarstaðlinum fyrir menntun, ISCED-97, eru námsleiðir flokkaðar eftir stigum og eftir sviðum. Í þessum hluta handbókarinnar er fjallað um flokkunina eftir sviðum.

### Svið menntunar

Á árunum 1997–1998 var útbúið af hálfu CEDEFOP og Eurostat<sup>1</sup> kerfi til að flokka starfsnám (e. *Fields of Training*). Við vinnslu flokkunarkerfisins sem kynnt er í þessari handbók hefur sú starfsmenntaflokkun verið nýtt í stórum dráttum og jafnframt löguð að almenna ISCED-kerfinu.

Flokkunarkerfið sem þessi handbók lýsir byggist á þriggja tölustafa kóðum. Þessir kóðar eru útfærsla á upphaflega tveggja tölustafa flokkunarkerfinu. Sú flokkun sem hér er kynnt bætir þriðja tölustafnum við þá tvo sem fyrir eru. Þannig verður til þriggja stafa kóði sem hægt er að flokka allar námsleiðir eftir.<sup>2</sup>

Við alþjóðlega gagnasöfnun eru það aðallega tveir fyrstu tölustafirnir sem eru notaðir og eingöngu flokkun á fyrstu tvo tölustafina hefur verið staðfest á alþjóðavettvangi. Þriðji tölustafurinn gerir kerfið hins vegar sveigjanlegra og eykur svigrúm til frekari flokkunar með tiltekin markmið í huga. Sérgreindari flokkun í þriggja stafa kerfinu gerir kerfið jafnframt gagnsærra og skiljanlegra þeim sem notast fyrst og fremst við tveggja stafa kerfið.

Markmiðið með því að bæta þriðja stafnum við var einnig búa í haginn fyrir einstök lönd sem þörf hafa fyrir mun sundurgreindari flokkun en oftast er notast við í alþjóðlegum samanburði. Þannig gætu lönd sem ekki hefðu þróað víðtækt flokkunarkerfi fyrir innanlandsparfir nýtt sér þetta kerfi og aðlagð það að eigin þörfum.

### Tilgangur handbókarinnar

Tilvist almennrar flokkunar er fyrsta skrefið til að safna samanburðarhæfum gögnum á alþjóðavísu. Annað skrefið er að tryggja samræmda notkun á flokkuninni milli landa. Íslensk útgáfa handbókarinnar er liður í því þar sem leitast er við að auðvelda notendum að flokka nám, ekki síst það nám sem fram fer innan íslenska menntakerfisins. Tilgangur handbókarinnar er því að veita leiðsögn um hvernig á að nota þessa námssviðaflokkun. Það er gert bæði með því að tilgreina ákveðnar reglur sem fara ber eftir og með því að birta lista með skilgreindum dæmum. Jafnframt fylgir ítarlegur listi yfir námsleiðir og hvernig beri að flokka þær.

## Uppbygging og forsendur flokkunarinnar

### Uppbygging flokkunarkerfisins

Í þessu flokkunarkerfi fyrir menntun eru notaðir þriggja tölustafa kóðar. Fyrsti tölustafurinn gefur til kynna hvaða almenna sviði námið tilheyrir (t.d. almennt grunnnám, hugvísindanám, raunvísindanám). Annar tölustafurinn greinir námið frekar á afmarkaðra svið (t.d. raunvísindi í líf- og lífefnafræði, eðlisvísindi, stærð- og tölfræði). Þriðji tölustafurinn greinir námið svo enn frekar á einstök svið (s.s. eðlisvísindi í eðlisfræði, efnafræði og jarðvísindi). Alls eru níu almenn svið, 25 afmörkuð svið og um 90 einstök svið. Sviðin eru þó ekki þrengri en svo að innan hvers þeirra flokkast gjarnan nokkrar námsleiðir.

Almenn svið	Afmörkuð svið	Einstök svið	Námsleið
x	xx	xxx	
		xxx	
		xxx	
	xx	xxx	
		xxx	
		xxx	
Samtals 9	Samtals 25	Samtals 90	

### Svið er óháð stigum

Það skal undirstrikað að svið og stig eru sjálfstæðar breytur, þ.e. þær eru ekki háðar innbyrðis. Svið vísa til innihalds náms (t.d. sagnfræði, lögfræði eða málvísindi) á meðan stig vísa til stöðu í menntakerfinu

1 CEDEFOP er Evrópsk þróunarmiðstöð fyrir verkmenntakenndu. Eurostat er Hagstofa Evrópusambandsins.

2 Nokkrar minni háttar breytingar hafa verið gerðar á nöfnum námssviða til að skýra betur hvað þær hafa að geyma frá því að tveggja tölustafa kóðarnir voru upphaflega innleiddir árið 1997.

(s.s. framhaldsskólastigs eða háskólastigs). Flokkun námsleiðar á svið er þannig í grundvallaratriðum óháð flokkun námsleiðar á stig. Í höfuðdráttum er hægt að flokka allar námsleiðir, bæði byrjendanám og framhaldsnám; almennt nám og verknám á eitt og sama sviðið. Nám á sviði 225 *Sagnfræði og fornleifafræði* getur t.d. verið á stigi 5A, meðallangt nám, fyrsta gráða, stigi 5A, langt nám, önnur gráða eða stigi 6. Eðli málsins samkvæmt er þó ekki um það að ræða að nám á öllum sviðum finnist á öllum stigum eða öfugt.

#### Flokkun á grundvelli námsinnihalds

Svið menntunar er skilgreint út frá námsefni í tilteknu námi, þ.e. innihald náms er grundvöllurinn fyrir því að skipta námsleiðum í flokka. Námsleiðir eru flokkaðar saman á svið eftir skyldleika námsefnisins. Unnt er að greina nám misnákvæmlega niður á almennt svið (með eins tölustafa kóðum), á afmarkað svið (með tveggja tölustafa kóðum) og á einstök svið (með þriggja tölustafa kóðum). Skiptingin byggist á skyldleika þeirrar þekkingar og færni sem hver námsleið miðlar. Aðalinnihald námsins ræður á hvaða svið náminu er skipað. Þannig tekur greiningin á svið ekki tillit til persónulegs markmiðs nemenda með náminu (ánægjunnar vegna, sem tólmstundaiðja, til að auka möguleika sína á atvinnu o.s.frv.). Ekki er heldur tekið tillit til ætlaðs starfssviðs nemandans við flokkun námsleiðar á svið.

Við þróun sviðaflokkunar voru eftirfarandi atriði höfð að leiðarljósi þegar reynt var að ákvarða skyldleika námsinnihalds:<sup>3</sup>

- Fræðilegt innihald, sem er langmikilvægasta forsendan
- Tilgangur námsins
- Áhugasvið
- Aðferðir og tækni
- Tæki og áhöld

#### Almennt og/eða breitt nám á unglíng- og framhaldsskólastigi

Almennt og/eða breitt nám á unglíng- og framhaldsskólastigi sem spannar yfir fjölmargar námsgreinar svo sem tungumál og bókmenntir, félagsvísindi og náttúruvísindi, stærðfræði, listir, íþróttir o.fl. ætti að flokka sem *010 Almennt og/eða breitt grunnnám*. Þetta skal gera jafnvel þótt um sé að ræða áherslu á ákveðna námsefnisflokkar svo sem hugvísindi, félagsvísindi eða náttúruvísindi.

Dæmi: Námsbrautir á framhaldsskólastigi, sem aðallega hafa þann tilgang að búa nemendur undir frekara nám og samanstanda af fjölmörgum námsgreinum, ætti að flokka sem *010 Almennt og/eða breitt grunnnám*, jafnvel þótt höfuðáhersla sé lögð, til að mynda, á félagsvísindi.

#### Starfsnám sem hefur auka-námsgreinar til stuðnings

Í löngu starfsnámi sem einkum fer fram á framhaldsskólastigi er meiri tíma varið í ýmsar stuðningsgreinar en starfsnámið sjálft. Slíkt nám ætti samt sem áður að flokka á svið sem vísar til innihalds.

Dæmi: Sjúkraliðanám ætti að flokka í *723 Hjúkrun og umönnun*, jafnvel þótt meiri tíma sé varið í að kenna annað námsefni en sem varðar beint hjúkrun og umönnun.

#### Sérgreinakennaranám

Kennaranám sem samanstendur aðallega af ákveðnum sérgreinum ætti að flokka sem kennaranám, jafnvel þótt aðalviðfangsefnið sé námsefni sérgreinarinnar sjálfar. Þegar notuð er þriggja tölustafa skiptingin ætti þetta nám að flokkast í *145 Sérgreinakennaranám* eða *146 Starfsmenntakennaranám*.

#### Menntun verkfræðinga

Menntun verkfræðinga ætti að jafnaði að falla undir einhvern þeirra flokka sem tilheyra *52 Verkfræði og tækni*, eða ef um er að ræða byggingarverkfræði/burðarþolsverkfræði, *58 Arkitektúr og byggingar*. Svo ætti að vera þótt slíkt nám tengist t.d. tölvunarfræði, fjölmiðlatækni, umhverfisvernd, vefnaði eða matvælaframleiðslu ef áherslan er á hönnun og mannvirkjagerð, vélar, raftæki, rafeindatæki og tölvur eða byggingar, vegi og brýr.

#### Nám í framleiðslugreinum

Námi í framleiðslugreinum ætti að skipa í viðeigandi flokk sem er *52 Verkfræði og tækni* sé áhersla lögð á verkfræðilegar atvinnugreinar svo sem málmíðnað, tæknibúnað, vélbúnað, vélar eða raftæki.

Annað framleiðslunám skal hins vegar flokka undir *54 Framleiðsla og vinnsla*. Það á til dæmis við um nám með áherslu á framleiðslu ákveðinnar vöru svo sem matvæla, vefnaðarvöru, skófatnaðar, pappírs, húsgagna, glers og plasts. Þrátt fyrir þetta tilheyrir málmframleiðsla ekki flokki *54* heldur *521 Vélfræði og málm-smíði*.

3 Nánar má sjá um forsendur flokkunarinnar í viðbæti 1.

## Námssviðaflokkun

Almenn svið		Afmörkuð svið		Einstök svið	
0	Almennt nám	01	Almennt og/eða breitt grunnnám	010	Almennt og/eða breitt grunnnám
		08	Læsi og talnalæsi	080	Læsi og talnalæsi
		09	Persónuleg hæfni	090	Persónuleg hæfni
1	Menntun	14	Kennaranám og menntunarfræði	(141)	Kennsla og þjálfun =143+144+145+146
				142	Menntunarfræði
				143	Leikskólakennaranám
				144	Grunnskólakennaranám
				145	Sérgreinakennaranám
				146	Starfsmenntakennaranám
2	Hugvísindi og listir	21	Listir	211	Myndlist
				212	Tónlist og leiklist
				213	Fjölmiðlun, sjón- og hljóðtækni
				214	Hönnun
				215	Listiðnaður
		22	Hugvísindi	221	Trúarbrögð
				222	Erlend tungumál
				223	Móðurmál
				(224)	Sagnfræði, heimspeki og skyldar greinar=225+226
				225	Sagnfræði og fornleifafræði
				226	Heimspeki og siðfræði
3	Félagsvísindi, viðskipti og lögfræði	31	Félags- og atferlsvísindi	311	Sálfræði
				312	Félags- og menningarfræði
				313	Stjórn málafræði og borgararéttindi
				314	Hagfræði
		32	Fjölmiðlafræði og upplýsingafræði	321	Fjölmiðlafræði og fréttamennska
				322	Bókasafns- og upplýsingafræði, bóka- og skjalavarsla
				34	Viðskipti og stjórnun
		34	Viðskipti og stjórnun	341	Heildsala og smásala
				342	Markaðssetning og auglýsingar
				343	Fjármál, bankastarfsemi og tryggingar
				344	Bókhald og skattlagning
				345	Rekstur og stjórnun
				346	Ritara- og skrifstofustörf
347	Atvinnulífið				
38	Lögfræði	380	Lögfræði		
4	Raunvísindi, stærðfræði og tölvunarfræði	42	Lífvísindi	421	Líffræði og lífefnafræði
				422	Umhverfisfræði
		44	Eðlisvísindi	441	Eðlisfræði
				442	Efnafræði
				443	Jarðvísindi
		46	Stærðfræði og tölfræði	461	Stærðfræði
462	Tölfræði				
48	Tölvunarfræði	481	Tölvunarfræði		

Almenn svið		Afmörkuð svið		Einstök svið	
				482	Tölvunotkun
5	Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð	52	Verkfræði og tækni	521	Vélfræði og málmsmíði
				522	Rafmagn og orka
				523	Rafeindatækni og sjálfvirkni
				524	Efnanotkun og -vinnsla
				525	Vélknúin ökutæki, skip og flugför
		54	Framleiðsla og vinnsla	541	Matvælavinnsla
				542	Vefnaður, fatnaður, skófatnaður og leðurvörur
				543	Efnismeðferð (viður, pappír, plast og gler)
				544	Námugróftur og námu-vinnsla
		58	Arkitektúr og byggingar	581	Arkitektúr og borgarskipulag
				582	Mannvirki og byggingarverkfræði
6	Landbúnaður og dýralækningar	62	Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	621	Jarðræktar- og búfjárafurðir
				622	Garðrækt
				623	Skógrækt
				624	Fiskveiðar
		64	Dýralækningar	640	Dýralækningar
7	Heilbrigði og velferð	72	Heilbrigði	721	Læknisfræði
				(722)	Heilbrigðisþjónusta = 725+726+727
				723	Hjúkrun og umönnun
				724	Tannlækningar
				725	Sjúkdómsgreining og meðferðartækni
				726	Meðferð og endurhæfing
				727	Lyfjafræði
		76	Félagsþjónusta	761	Umönnun barna og æskulýðsþjónusta
				762	Félagsþjónusta og ráðgjöf
8	Þjónusta	81	Einstaklingsþjónusta	811	Hótel, veitingahús og veisluþjónusta
				812	Ferðir, ferðamennska og afþreying
				813	Íþróttir
				814	Heimilisþjónusta
				815	Hár- og snyrtiþjónusta
		84	Flutningaþjónusta	840	Flutningaþjónusta
		85	Umhverfisvernd	851	Umhverfisverndartækni
				852	Náttúrulegt umhverfi og villt dýr
				853	Samfélagsleg hreinlætisþjónusta
		86	Öryggisþjónusta	861	Vernd einstaklinga og eigna
				862	Heilbrigði og öryggi á vinnustöðum
				863	Her og landvarnir

Almenn svið	Afmörkuð svið	Einstök svið
„0“ er notað sem þriðji stafur þegar aðeins er um að ræða eitt einstakt svið fyrir tilvarandi afmarkað svið eða þegar skilgreina þarf samsett svið úr a.m.k. þremur einstökum sviðum og enginn þeirra er ríkjandi (sjá um þverfaglegar og breiðar námsleiðir hér að neðan).		
Nota skal „9“, „99“ eða „999“ í gagnasafni ef sviðið er óþekkt eða óskilgreint.		

## Skyldleiki við önnur flokkunarkerfi

### Áhersla náms og svið náms

Áhersla náms (e. *programme orientation*) og svið eru ekki sömu breytur. Áhersla náms (sjá fyrri hluta handbókarinnar) er notuð til að greina nám eftir því hvort um almennt nám, for-starfsnám eða starfsnám er að ræða. Svið greinir nám eftir námsinnihaldi, hvort um sagnfræði, járnsmíði eða tölvunarfræði er að ræða, svo dæmi sé tekið. Margar námsleiðir sem eru flokkaðar sem almennt nám þegar þær eru greindar eftir áherslu náms ætti að flokka eftir aðalinnihaldi þegar kemur að flokkun eftir sviðum. Dæmi: Nám í stærðfræði getur verið almennt nám þegar um áherslu náms er að ræða en fellur í flokk 461 *Stærðfræði* þegar kemur að sviðaflokkuninni.

### Breytingar frá fyrri flokkunarleiðum

Eins og áður sagði var á árunum 1997–1998 útbúið kerfi til að flokka starfsnám af hálfu CEDEFOP og Eurostat. Þá var þriðja tölustafnum bætt við til að greina tveggja stafa flokkunina nánar niður. Þetta var einkanlega gert fyrir starfsnám og náði ekki nema að takmörkuðu leyti til háskólastigsins. Í flokkuninni sem hér er kynnt er öllu námi, þ.m.t. háskólanámi, skipt eftir þriggja tölustafa kerfinu. Við það hefur skapast meira jafnvægi í flokkuninni. Er nú unnt að sundurgreina svið náms sem kennt er á háskólastigi nákvæmar en áður.

Starfsmenntaflokkun CEDEFOP og Eurostat	Svið menntunar (samkvæmt því kerfi sem hér er kynnt)
141 Kennsla og þjálfun	143+144+145+146
224 Sagnfræði, heimspeki og skyldar greinar	225+226
310 Félags- og atferlissvísindi	311+312+313+314
420 Lífvísindi	421+422
440 Eðlissvísindi	441+442+443
460 Stærðfræði og tölfraði	461+462
722 Heilbrigðisþjónusta	725+726+727
850 Umhverfisvernd	851+852+853

Í einu tilfelli hefur námsleið verið færð milli almennra sviða frá starfsmenntaflokkuninni. Umhverfisfræði sem í starfsmenntaflokkuninni var talin með 850 *Umhverfisvernd* er í þessari flokkun talin ásamt vístfræði til sviðs 422 *Umhverfisfræði*.

Samanborið við starfsmenntaflokkunina hefur í þessari handbók verið skerpt á þeim skilningi að almennt nám á framhaldsskólastigi með áherslu til dæmis á hugvísindi, félagsvísindi eða náttúruvísindi, án þess að aðrar þekkingargreinar séu vanræktar, ættu að flokkast í 010 *Almennt og/eða breitt grunnnám*.

### Skyldleiki við ISCO-88 (ÍSTARF-95)

Alþjóðlega starfaflokkunin (ISCO-88) og íslensk gerð þess flokkunarkerfis, (ÍSTARF-95) býður upp á staðlaða aðferð til að afla og greina upplýsingar um störf sem byggðar eru á manntölum, könnunum og annarri skýrslugerð opinberra aðila.

Umgjörðin sem nauðsynleg var til að hanna og byggja upp ISCO-88 var byggð á tveimur meginhugmyndum; hvers konar verk er verið að vinna og hvaða kunnáttu þarf til starfsins.

Atvinna – skilgreind sem verkefni og skyldur sem einum manni er ætlað að inna af hendi – er hin tölfraðilega eining sem flokkuð er í ISCO-88. Atvinna sem felur í sér verkefni og skyldur af svipuðum toga myndar starf. Einstaklingar eru flokkaðir eftir störfum sem þeir sinna.

Kunnátta – skilgreind sem geta til að leysa af hendi verkefni og skyldur ákveðins starfs – hefur samkvæmt tilgangi ISCO-88 eftirfarandi umfang:

- Kunnáttustig – sem sýnir fjölbreytileika og breidd þeirra verkefna og skyldna sem um ræðir.

- Sérhæfing kunnáttu – er skilgreind með því þekkingarsviði sem til þarf, tækjum og vélbúnaði sem notaður er, efni sem unnið er með og ennfremur þeim vörum sem framleiddar eru og þjónustu sem veitt er.

Fjögur almenn kunnáttustig voru skilgreind og gerð virk með notkun ISCED-76.

Ákveðin tengsl eru milli ISCO–88 og ISCED sviða. Hafa ber þó í huga að hér er verið að flokka mismunandi tölfraðilegar einingar þar sem ólíkar forsendur eru lagðar til grundvallar. Með ISCED eru námsleiðir flokkaðar eftir efnisinnihaldi en ISCO–88 flokkar upplýsingar um störf karla og kvenna samkvæmt þeim hugmyndum sem að ofan greinir. Saman ættu þessar flokkunarleiðir að leiða í ljós áhugaverðar og mikilvægar tölfraðilegar upplýsingar fyrir þá sem skipuleggja nám og taka ákvarðanir þar að lútandi.

## Bverfaglegar og breiðar námsleiðir

### *Bverfaglegar námsleiðir*

Bverfaglegar námsleiðir vísa hér til náms þar sem sameinuð eru (venjulega) tvö svið. Varðandi þetta nám er aðalreglan sú að ríkjandi námsgrein ákveður í hvorn flokkinn náminu er raðað. Ríkjandi telst sú námsgrein sem talin er krefjast meiri tíma.

Dæmi 1: Nám sem samanstendur af stjórnmálafræði (313) og hagfræði (314) ætti að flokka eftir því hvor greinin er ráðandi, það er þeirri sem er tímafreakari.

Í dæmi 2 falla tveir námsþættir tiltekinnar námsleiðar á sama afmarkaða sviðið (tveggja tölustafa flokkun) en á mismunandi einstakt svið (þriggja tölustafa flokkun). Einnig í þessu tilviki ræður meirihlutareglan. Námið er ekki nógu almennt til að hægt sé að telja það „breitt nám“ samkvæmt skilgreiningunni hér að neðan.

Dæmi 2: Nám sem sameinar nám í smásölu og skrifstofuvinnu ætti að flokka eftir því hvor þátturinn er ríkjandi; 341 *Heildsala og smásala* eða 346 *Ritara- og skrifstofustörf*.

Í dæmi 3 falla námsþættir tiltekinnar námsleiðar á tvö afmörkuð svið (tveggja tölustafa flokkun). Hér skal enn notuð meirihlutareglan. Ekki er um annað að ræða þar sem kerfið býður ekki upp á aðra lausn (nema flokk 999 sjá hér að neðan).

Dæmi 3: Nám sem aðallega felur í sér námsefni innan tölvunarfræða ætti að flokkast í 481 *Tölvunarfræði jafnvel þótt ákveðinn hluti þess sé tölvuverkfræði (svið 523 Rafeindatækni og sjálfvirkni)*.

### *Breiðar námsleiðir*

Breiðar námsleiðir vísa hér til náms sem samanstendur af nokkrum – a.m.k. þremur – námssviðum og ekkert sviðið er augljóslega ráðandi. Þetta breiða nám ætti að flokka með því að nota „0“ sem þriðja tölustaf.<sup>4</sup>

Athuga ber að „0“ sem þriðji stafur er notaður fyrir breiðar námsleiðir og ætti ekki að nýtast sem afgangsflokkur. Ekki er hægt að nota „0“ sem annan staf.

Dæmi 4: Nám í viðskiptum og stjórnun sem samanstendur af rekstri, fjármálum, sölu og markaðssetningu o.s.frv. ætti að flokka sem 340 *Viðskipti og stjórnun (breiðar námsleiðir)*.

Námsleiðir sem stefna að einni ákveðinni starfsmenntagrein, en fela jafnframt í sér nám í stuðningsgreinum sem greinast myndu í aðra flokka er ekki talið til breiðs náms í þessu samhengi.

Dæmi 5: Í námi um uppsetningu rafbúnaðar getur meiri tími farið í að læra ýmsar stuðningsgreinar (t.d. tungumál, stærðfræði eða náttúruvísindi) heldur en starfsmenntagreinina sjálfa. Samt sem áður ætti að flokka þetta nám í 522 *Rafmagn og orka* en ekki sem breiða námsleið.

### *Nám sem ekki er skilgreint eða hægt að flokka*

Til þrautavara má nota „9“ sem þriðja staf séu ekki fyrir hendi nægar upplýsingar um námið eða ef ekki er hægt að flokka námsleiðina á einstakt svið. Ekki er gert ráð fyrir að nota „9“ sem annan staf nema í

4 Þetta á einungis við þar sem tveggja tölustafa flokkurinn skiptist upp í þrjá eða fleiri þriggja tölustafa flokka, sem á ekki síst við svið 34 *Viðskipti og stjórnun* og 52 *Verk- og tæknigreinar*.

gagnasöfnun á tveggja tölustafa stigi þar sem hægt er að nota „99“ ef tveggja stafa flokkurinn er ekki þekktur.<sup>5</sup>

Dæmi 6: Nám í verkfræði þar sem upplýsingar eru ónógar um frekara inntak námsins flokkast sem 529.

#### Notkun handbókarinnar

1. Þegar hugað er að námsgreinum eða námsgreinahópum flettið þá upp í flokkuninni á bls. 14–15. Byrjið á því að athuga undir hvaða almenna svið greinin fellur. Haldið áfram og kannið dálkinn afmörkuð svið. Í mörgum tilvikum er þá augljóst undir hvaða svið námið fellur.
2. Þegar viðeigandi afmarkað svið er fundið gætið þá að lýsingunni sem fylgir hverju einstöku námssviði til að fullvissa ykkur um að afmarkaða sviðið sé rétt – og ef vill einnig hvort rétt einstakt námssvið hafi verið valið.
3. Sé ekki ljóst á hvaða svið námið ætti að raðast, eða aukinnar aðstoðar er þörf, flettið þá upp nafni námsins í atriðisorðaskránni (sjá viðauka 4, bls. 91–99). Athugið síðan lýsinguna sem fylgir einstöku sviðunum til að aðgæta hvort kóðinn sé réttur.
4. Einnig er hægt að nota forsendur þessarar flokkunar (sjá viðauka 1, bls. 77–78) til að staðsetja námið. Komi í ljós sérstök vandamál í flokkunarkerfinu er rétt að vekja athygli þeirrar stofnunar sem ber ábyrgð á samræmingu flokkunarinnar á þeim til þess að ágallana megi lagfæra. Á Íslandi er það Hagstofa Íslands.

#### Lýsing námssviða

Þessi hluti handbókarinnar lýsir hverju námssviði með tilliti til innihalds náms. Þegar verið er að flokka nám er mikilvægt að gefa gaum þessum innihaldslýsingum og athuga hvaða svið samsvarar best því námi sem verið er að flokka.

Sé aðeins flokkað eftir heitum námsleiða er hætt við misskilningi. Þetta á sérstaklega við algeng heiti eins og t.d. samskipti og stjórnun sem eru notuð í fleiri en einni merkingu. Einnig geta heiti náms haft mismunandi merkingu eftir löndum. Gjaldið því varhug við heitum námsleiða og skoðið eins og kostur er hvert er megininntak námsins.

Þau dæmi sem gefin eru um nám í hverjum flokki hér að neðan eru ekki tæmandi. Jafnframt fylgir ítarlegri skrá um hvernig flokka skal einstakar námsleiðir á svið.

Bent skal á að sviðin 140, 210, 220, 310, 340, 440, 520, 540, 620, 720, 810, 850 og 860 vísa til breiðra námsleiða sem fela í sér nám sem annars er greint á þrjú eða fleiri svið.

<sup>5</sup> Í handbók fyrir starfsmenntaflokkun er leyft að nota bæði 9 og 0 sem annan staf. Þetta merkir að í undantekningartilvikum má nota 0 eða 9 sem annan staf. Ákvörðunin er háð þörfum hvorrar gagnasöfnunar og ætti að gefa hana til kynna með viðhlítandi skýringum. Í gagnasöfnun UOE (alþjóðlegri gagnasöfnun UNESCO, OECD og Eurostat) er t.d. ekki leyfilegt að nota 0 eða 9 sem annan staf.

0			<p><b>ALMENNT NÁM</b></p> <p>Orðið almennt í þessu samhengi merkir undirstöðu- eða grundvallarkunnáttu, sem andstæðu við sérhæfingu. Hér er ekki um að ræða almennt sem andstæðu starfsnáms. Því ber ekki að skoða þennan flokk, sem afgangsflokk. Nám með áherslu á tiltekið námsinnihald ber að greina eftir sviðum sem hafa 1–8 sem fyrsta staf. Stór hluti náms á ISCED-stigi 3 fellur á <i>0 Almennt nám</i>, en einungis í undantekningartilvikum nám á stigum 4, 5 og 6.</p>
	01	010	<p><b>Almennt og/eða breitt grunnnám</b></p> <p><b>Almennt og/eða breitt grunnnám</b></p> <p>Almennt og/eða breitt grunnnám er nám sem ætlað er að veita undirstöðu í lestri, skrift og reikningi ásamt grunnþekkingu í öðrum greinum svo sem sögu, landafræði, náttúrufræði, félagsfræði, myndmennt og tónmennt og eftir atvikum trúarbrögðum. Grunnmenntun er að öðru jöfnu veitt í grunnskóla. Nám sem fram fer í framhaldsskóla er einnig flokkað hér – jafnvel þó þar sé lögð áhersla á námsgreinar eins og t.d. húanískar greinar, félagsfræði eða náttúrufræði. Starfsmenntir eru einungis flokkaðar hér í undantekningartilfellum. Námsleiðir sem hafa eftirfarandi námsinnihald að stofni til skulu flokkaðar hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Almennt nám (breitt)</li> <li>• Framhaldsnám án áherslu á sérstakar námsgreinar</li> <li>• Grunnnám</li> <li>• Nám til stúdentsprófs</li> </ul> <p>Meðtalið: Breitt nám á framhaldsskólastigi með nokkurri áherslu á t.d. húanískar greinar, félagsfræði eða náttúrufræði án þess að vanrækja önnur þekkingarsvið skal telja til þessa flokks. Í sumum löndum eru námsleiðir sem þessar greindar eftir námsbrautum og kjörsviðum. Slíkt nám skal flokka hér.</p> <p>Undanskilið: Nám sem er almenns eðlis í þeim skilningi að ekki er um starfsnám að ræða, en einskorðast við tiltekna námsgreinar eða svið, skal ekki flokka hér heldur raðast eftir námsinnihaldi á svið sem hafa 1–8 sem fyrsta staf.</p>
	08	080	<p><b>Læsi og talnalæsi</b></p> <p><b>Læsi og talnalæsi</b></p> <p>Læsi og talnalæsi tekur til náms sem sérstaklega er sniðið að þörfum ólæsrar fullorðinna þar sem þeim er kennt að lesa og skrifa og stundum að reikna. Greina má á milli þessa flokks og <i>010 Almennt og/eða breitt grunnnám</i> á grundvelli aldurs nemendanna. Nám sem hefur eftirfarandi að megininnihaldi er flokkað hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrar- og skriftarnám</li> <li>• Stuðningskennsla fyrir fullorðna</li> <li>• Talnalæsi</li> </ul>

	09	090	<p><b>Persónuleg hæfni</b></p> <p><b>Persónuleg hæfni</b></p> <p>Svið 090 <i>Persónuleg hæfni</i> má skilgreina með skírskotun til áhrifa á getu einstaklingsins (s.s. huglæga eða félagslega). Þetta svið tekur yfir nám sem eykur persónulega hæfni og tilheyrir hvorki 010 <i>Almennt og/eða breitt grunnnám</i> né 080 <i>Læsi og talnalæsi</i>, en eykur færni og frekari hæfni. Nám sem hefur eftirfarandi að aðalinnihaldi er flokkað hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Atvinnuleit</li> <li>• Félagsleg hæfni</li> <li>• Ræðumennska</li> <li>• Rökræðulist</li> <li>• Samskiptahæfni</li> <li>• Samvinna</li> <li>• Sjálfsstyrking</li> <li>• Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur</li> <li>• Tímastjórnun</li> <li>• Þróun hugarleikni</li> </ul> <p>Meðtalið: Leiðtoganám í tengslum við persónuþróun telst með þessu sviði. Menntun og kennsla í tengslum við vinnustað eða starf telst með þessum flokki ef það tengist frekar persónuþróun en starfshæfni. Nám fyrir þroskahefta sem felst í því að gera þá hæfari til að takast á við daglegt líf telst hér með.</p> <p>Undanskilið: Leiðtoganám í samhengi við stjórnun telst ekki með þessum flokki heldur í 345 <i>Rekstur og stjórnun</i>.</p>
--	----	-----	---

1	14		<p><b>MENNTUN</b></p> <p><b>Kennaranám og menntunarfræði</b></p> <p><b>140 Kennaranám og menntunarfræði (breiðar námsleiðir)</b></p> <p>Kennaranám og menntunarfræði (breiðar námsleiðir) er nám í uppeldisfræðum ásamt kennsluþjálfun en án sérhæfingar í grunnkennslu, kennslu einstakra námsgreina, starfsmenntakennslu o.s.frv. Breiðar námsleiðir með áherslu á eftirfarandi flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hagnýt uppeldisfræðinámskeið, almenn</li> <li>• Kennaranám, almennt</li> </ul> <p><b>142 Menntunarfræði</b></p> <p>Menntunarfræði er nám í kennslufræði og kenningum, aðferðum og tækni sem notuð er til að miðla þekkingu til annarra. Nám sem felur í sér eftirfarandi er flokkað hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gæðamál skóla og rannsóknir</li> <li>• Kennslufræði</li> <li>• Menntunarfræði</li> <li>• Námsmat, próffræði og mælingar</li> <li>• Uppeldisfræði</li> </ul> <p>Undanskilið: Kennaramenntun sem sameinar menntunarfræði og kennsluþjálfun telst ekki hér með og fellur undir eitthvert hinna sviða kennaranáms (svið 143–146).</p> <p><b>143 Leikskólakennaranám</b></p> <p>Nám leikskólakennara felst í því að leggja stund á kenningar, aðferðir og starfsþjálfun við kennslu barna í leikskólum, sem geta verið á aldursbilinu 3–7 ára.<sup>1</sup> Nám sem felur í sér eftirfarandi er flokkað hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Smábarnakennsla</li> <li>• Leikskólakennaranám</li> </ul> <p><b>144 Grunnskólakennaranám</b></p> <p>Grunnskólakennaranám er fólgið í því að læra um kenningar og kennsluaðferðir sem miða að því að kenna 5–15 ára börnum lestur, skrift og reikning ásamt undirstöðuatriðum í öðrum námsgreinum svo sem sögu, landafræði og félagsfræði. Minni áhersla er lögð á kennslu sérstakra námsgreina en í flokki <i>145 Sérgreinakennaranám</i>. Nám í kennslu barna með sérþarfir er talið með hér svo og kennsla fullorðinna í lestri og skrift, sem og kennsla útlendinga í eigin móðurmáli. Nám sem felur í sér eftirfarandi er flokkað hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Bekkjarkennaranám</li> <li>• Grunnskólakennsla</li> <li>• Móðurmálakennaranám</li> <li>• Sérkennaranám</li> <li>• Proskapþjálfun</li> </ul> <p>Meðtalið: Kennsla fullorðinna í lestri og skrift telst til þessa flokks.</p>
---	----	--	--

1 Samkvæmt ISCED er ekki litið svo á að börn yngri en þriggja ára stundi nám þótt íslenska skólakerfið geri ráð fyrir að yngri börn geti hafið nám í leikskóla.

145

**Sérgreinakennaranám**

Sérgreinakennaranám er nám í kenningum, aðferðum og kennslu ákveðinna námsgreina, aðallega á unglingastigi eða framhaldsskólastigi. Námið á þessu sviði nær gjarnan til náms í greininni/greinunum sem ætlunin er að kenna. Nám sem að megininnihaldi felur í sér eftirfarandi er flokkað hér:

- Framhaldsskólakennsla
- Kennaranám í bóknámsgreinum, t.d. íslensku, stærðfræði og sögu
- Kennsla á unglingastigi

Meðtalið: Kennaranám sem tekur til bæði starfsnáms- og bóknámsgreina.

Undanskilið: Kennsla í starfsnámsgreinum, hagnýtum greinum og listgreinum á ekki heima hér heldur í flokki *146 Starfsmenntakennaranám*.<sup>2</sup>

146

**Starfsmenntakennaranám**

Nám fyrir kennara í starfsmenntagreinum felst í því að læra um kenningar og aðferðir í starfsnámskennslu og -þjálfun. Nám tónlistarkennara, kennara í listgreinum og annarra fagurfræðilegra greina telst hér með svo og íþróttakennaranám. Nám sem hefur eftirfarandi að meginefni flokkast hér:

- Hjúkrunarkennaranám
- Íþróttakennaranám
- Kennaranám í list- og verkgreinum
- Kennaranám í verslunargreinum
- Tónlistarkennaranám
- Tæknikennaranám
- Þjálfun leiðbeinenda í fyrirtækjum
- Þjálfun þjálfara (ekki íþróttþjálfara)
- Ökukennaranám

Meðtalið: Ökukennaranám er hér meðtalið, ennfremur nám þjálfara sem þjálfa fólk til tiltekinnar starfa í atvinnulífinu.

Undanskilið: Nám íþróttþjálfara telst ekki hér með heldur í flokki *813 Íþróttir*.

Nám í kennslu bæði starfsnámsgreina og bóknámsgreina flokkast ekki hér heldur í flokk *145 Sérgreinakennaranám*.

<sup>2</sup> Í sumum tilvikum getur verið erfitt að greina á milli flokka 145 og 146 en bent skal á að það er námsgreinin sem kennarinn er þjálfður til að kenna sem ræður flokkuninni, ekki tegund skóla þar sem kennslan fer fram (í starfsnámi eru ekki allar greinar starfsnámsgreinar).

2	21		<p><b>HUGVÍSINDI OG LISTIR</b></p> <p><b>Listir</b></p> <p><b>210 Listir (breiðar námsleiðir)</b></p> <p>Til þessa sviðs telst listnám án sérhæfingar á einstök svið. Breiðar námsleiðir sem hafa eftirfarandi að megininnihaldi flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Listir</li> <li>• Listir og handverk</li> </ul> <p><b>211 Myndlist</b></p> <p>Myndlistarnám er fólgið í því að læra um sjónræn form skapandi tjáningar og fæst við kenningar, sögu, tækni, framsetningu og gerð myndverka. Nám sem hefur eftirfarandi að megininnihaldi flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Höggmyndalist</li> <li>• Listaheimspeki</li> <li>• Listasaga</li> <li>• Listastefnur</li> <li>• Listprentun</li> <li>• Málalílist</li> <li>• Æting</li> </ul> <p>Undanskilið: Nám í leirkerasmíði, leirmunagerð o.þ.h. telst ekki með til þessa sviðs heldur <i>215 Listiðnir</i>.</p> <p>Nám í húsagerðarlist telst ekki hér með en flokkast á svið <i>581 Arkitektúr og borgarskipulag</i>.</p> <p>Nám kennara í listgreinum telst heldur ekki hér með, það flokkast á svið <i>146 Starfsmenntakennaranám</i>.</p> <p><b>212 Tónlist og leiklist</b></p> <p>Nám í tónlist og leikrænum listgreinum felst í námi í undirstöðuatriðum og tækni sem tengjast listflutningi tónlistar, hins talaða orðs, líkamshreyfingu, látbragði, persónusköpun, spuna og sviðsetningu. Nám sem hefur að geyma eftirfarandi þætti flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Dans</li> <li>• Fjölleikahús</li> <li>• Hljómsveitarstjórn</li> <li>• Kvikmynda- og leikhússaga</li> <li>• Leikhúsfraeði</li> <li>• Leiklist</li> <li>• Leikstjórn</li> <li>• Listdans</li> <li>• Tónlist</li> <li>• Tónlistarsaga</li> <li>• Tónsmíðar</li> </ul> <p>Meðtalið: Nám í sögu og grundvallarkenningum tónlistar og leiklistar telst til þessa flokks.</p> <p>Undanskilið: Nám kennara í tónlist og leiklist er ekki flokkað hér heldur í <i>146 Starfsmenntakennaranám</i>.</p>
---	----	--	---

213

**Fjölmiðlun, sjón- og hljóðtækni**

Með námi í fjölmiðlun, sjón- og hljóðtækni er átt við nám sem felst í því að tileinka sér tækni og færni til að gefa út bækur, dagblöð, hljóðrita tónverk, framleiða hljóðvarps- og sjónvarpsefni, kvikmyndir og myndbönd eða annað sem lýtur að myndrænni framleiðslu. Það tekur yfir nám í litameðferð, ljósmyndun og tölvugrafík. Nám í útlitshönnun bóka, tímarita, veggspjalda og auglýsinga er einnig meðtalið. Nám sem hefur eftirfarandi að megininnihaldi flokkast hér:

- Bókband
- Framleiðsla hljóðvarps- og sjónvarpsefnis
- Grafísk hönnun
- Hljóðvinnsla
- Hljómplötuútgáfa
- Kvikmyndagerð
- Letursetning
- Ljósmyndun
- Margmiðlun
- Myndataka
- Myndskreyting (lýsing)
- Prentverk
- Setning (prentið)
- Tölvusetning
- Umbrotshönnun

Meðtalið: Almennt nám í vefhönnun telst til þessa flokks.

Undanskilið: Nám í notkun tiltekins hugbúnaðar til vefhönnunar flokkast ekki hér heldur í *482 Tölvunotkun*.

Nám í blaðamennsku (orð og innihald) raðast ekki hér, því er skipað í *321 Fjölmiðlafræði og fréttamenska*.

214

**Hönnun**

Hönnun er nám í skapandi meðferð forms og efnis við vöruhönnun, t.d. við gerð tísku-fatnaðar, iðnaðarvöru og innréttinga. Nám sem felur í sér eftirfarandi flokkast hér með:

- Fatahönnun
- Gluggaskreytingar
- Innanhússarkitektúr
- Innanhússhönnun
- Leikmyndahönnun
- Tískuhönnun
- Vöruhönnun

Undanskilið: Nám í hönnun mannvirkja telst ekki með þessum flokki heldur *581 Arkitektúr og borgarskipulag*.

Nám í iðnhönnun flokkast ekki hér, ef áhersla er lögð á tæknilegar greinar en ekki listræna hönnun, heldur á svið *520 Verkfræði og tækni (breiðar námsleiðir)*.

Umbrotshönnun og grafísk hönnun eru ekki meðtalin hér og flokkast í *213 Fjölmiðlun, sjón- og hljóðtækni*.

		215	<p><b>Listiðnaður</b></p> <p>Listiðnaður er nám í tækni og færni í ákveðinni handverksgrein svo sem skartgripasmíði, leirmunagerð, vefnaði eða tréskurði. Nám í eftirfarandi greinum flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Blómaskreytingar</li> <li>• Glerlist og -iðnaður</li> <li>• Gullsmíði</li> <li>• Handverk, alþýðulist og listiðnaður</li> <li>• Hljóðfærasmíði (ekki iðnaður)</li> <li>• Hljóðfæraviðgerðir og -stilling</li> <li>• Leirmunagerð (handiðn)</li> <li>• Listiðnir</li> <li>• Silfursmíði</li> <li>• Skartgripasmíði</li> <li>• Skrautmunir úr málm</li> <li>• Tréskurður</li> <li>• Útsaumur</li> <li>• Vefnaður (listiðn)</li> </ul> <p>Undanskilið: Nám í iðnaðarframleiðslu á leirmunum, ofnum dúk, útsaumi o.p.h. Það telst til aðgreindra sviða á almennu sviði 5, <i>Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð</i>.</p>
	22		<p><b>Hugvísindi</b></p>
		220	<p><b>Hugvísindi (breiðar námsleiðir)</b></p> <p>Hugvísindi (breiðar námsleiðir) er nám í hugvísindum án sérhæfingar á ákveðnum sviðum.</p>
		221	<p><b>Trúarbrögð</b></p> <p>Námið felst í rannsóknum á trú, trúarhugmyndum, -táknmyndum, -tjáningu, -textum og andlegum boðskap. Nám í eftirfarandi greinum er flokkað hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Djáknanám</li> <li>• Guðfræði</li> <li>• Helgiritarannsóknir</li> <li>• Trúarbragðasaga</li> <li>• Trúarbragðafraeði</li> </ul> <p>Meðtalið: Til þessa sviðs telst nám fyrir börn og ungmenni, venjulega í trúarskólum eða á námskeiðum, í klaustrum og víðar. Námið miðar að því að vekja áhuga á kennisettningum tiltekinna trúarbragða og kynna þeim heimspeki þeirra til að þau geti aðstoðað við útbreiðslu trúarinnar.</p> <p>Undanskilið: Grunnám sem fer fram í trúarskólum, námskeiðum og víðar og felur í sér trúarlega fræðslu en leggur ekki áherslu á eða leiðir til starfa á trúarlegum vettvangi. Þess konar nám flokkast í <i>010 Almenn og/eða breitt grunnám</i>.</p>

222

**Erlend tungumál**

Nám í öðru tungumáli en móðurmáli. Námið felst í að kynna sér málfræði, bókmenntir og menningu þeirra sem málið tala. Nám í eftirfarandi greinum flokkast hér:

- Annað tungumál
- Erlend tungumál
- Fornmál
- Túlkun
- Þýðingar

Meðtalið: Með námi í erlendum tungumálum átt við nám í erlendu tungumáli eða „öðru tungumáli“. „Annað tungumál“ á við í þeim löndum þar sem töluð eru fleiri en eitt tungumál og vísar til þeirrar tungu sem kennd er nemanda sem ekki hefur hana að aðalmáli.

Undanskilið: Móðurmálsnám, jafnvel þótt tungumálið sé ekki þjóðtungan (t.d. nám innflytjenda í eigin móðurmáli) telst ekki hér með heldur flokkast í 223 *Móðurmál*.

223

**Móðurmál**

Móðurmálsnám er nám í eigin þjóðtongu, bókmenntum sem á málinu eru ritaðar og málfræði. Nám sem hefur eftirfarandi að meginefni flokkast hér:

- Móðurmál
- Skapandi skrif
- Táknmál
- Þjóðtunga

Meðtalið: Móðurmálsnám er nám í móðurmálinu jafnvel þótt það sé ekki þjóðtunga búsetulandsins, t.d. nám innflytjenda í þeirra eigin máli.

Undanskilið: Þjóðtungumál er undanskilið þessum flokki sé málið kennt sem erlent tungumál eða sem „annað mál“. Það flokkast þá í 222 *Erlend tungumál*.

Nám í lestrar- og talnakunnáttu telst ekki hér með heldur í 080 *Læsi og talnalæsi*.

225

**Sagnfræði og fornleifafræði**

Viðfangsefni sagnfræði er fortíðin, m.a. í stjórnámum, þjóðfélags- og efnahagsmálum lands, heimsálfu eða heimsins. Nám í samanburðarbókmenntum er í þessum flokki svo og nám í sögu vísinda og hugmynda. Viðfangsefni fornleifafræði er forn menning sem felst m.a. í vísindalegri greiningu á því sem grafið er úr jörðu. Nám sem hefur eftirfarandi að meginefni flokkast hér:

- Bókmenntasaga
- Fornleifafræði
- Hugmyndasaga
- Menningarsaga
- Safnafræði
- Sagnfræði
- Vísindasaga

Meðtalið: Nám í almennri bókmenntafræði (ekki tengd námi í ákveðnu tungumáli) er hér meðtalið. Nám í almennum málvísindum (ekki í tengslum við ákveðið tungumálanám) telst hér með.

Undanskilið: Nám í bókmenntum sem stundað er í tengslum við nám í sérstöku tungumáli telst ekki á þessu sviði og er skipað á svið 222 *Erlend tungumál* eða 223 *Móðurmál*.

			<p>Nám í fornmálum (t.d. latínu) fellur ekki á þetta svið heldur á <i>222 Erlend tungumál</i>.</p> <p>Námi í listasögu er ekki raðað á þetta svið heldur á <i>211 Myndlist</i>.</p> <p>Nám í tón- og leiklistarsögu er ekki flokkað hér; það raðast í <i>212 Tónlist og leiklist</i>.</p> <p>Nám í hagsögu telst ekki til þessa flokks en fellur undir <i>314 Hagfræði</i>.</p> <p><b>226 Heimspeki og siðfræði</b></p> <p>Nám í heimspeki og siðfræði tekur til þess hvernig heimspeki, siðfræði og skyldar greinar fást við skilning á mannlegu lífi. Nám sem hefur eftirfarandi að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Heimspeki</li><li>• Rökfræði</li><li>• Siðferði</li><li>• Siðfræði</li></ul> <p>Undanskilið: Nám í trúarbrögðum er ekki talið hér með og raðast á svið <i>221 Trúarbrögð</i>. Nám í listaheimspeki telst ekki með hér; er skipað á svið <i>211 Myndlist</i>.</p>
--	--	--	--

3

31

**FÉLAGSVÍSINDI, VIÐSKIPTI OG LÖGFRÆÐI****Félags- og atferlisvísindi****310 Félags- og atferlisvísindi (breiðar námsleiðir)**

Félags- og atferlisvísindi (breiðar námsleiðir) er nám á þessu sviði án sérhæfingar.

**311 Sálfræði**

Nám í sálfræði fjallar um huga mannsins og atferli með tilliti til mismunar einstaklinga, reynslu þeirra og umhverfis. Nám sem hefur eftirfarandi að meginefni flokkast hér:

- Sálfræði
- Sálgreining
- Sállækningar

**312 Félags- og menningarfræði**

Undir þetta svið fellur nám sem fjallar um manninn og félagslegt atferli hans. Nám í þjóðfræði og félagslegri mannfræði tilheyrir þessu sviði, einnig mannvistar- og félagsleg landafræði. Nám sem hefur eftirfarandi að meginefni flokkast hér:

- Félagsvísindi
- Kynjafræði
- Landafræði (mannvistar)
- Lýðfræði/mannfjöldafræði
- Mannfræði (félagsleg)
- Menningarfræði
- Menningarlandafræði
- Þjóðfræði

Undanskilið: Nám í félagsráðgjöf og félagslegri aðstoð þar sem áhersla er lögð á hagnýta félagsþjónustu er ekki talið hér með og er skipað á svið *762 Félagsþjónusta og ráðgjöf*.

**313 Stjórn málafræði og borgararéttindi**

Stjórn málafræði og borgaréttur er nám í stjórnafari og grundvallarlögmálum eða framkvæmd stjórn mála. Námsgreinar þar sem fengist er við réttindi og skyldur borgaranna eru hér meðtaldar. Nám sem hefur eftirfarandi að meginefni flokkast hér:

- Alþjóðasamskipti
- Borgaréttindi
- Mannréttindi
- Rannsóknir á friði og átökum
- Stjórn mála
- Stjórn málafræði
- Stjórn málasaga

Undanskilið: Nám í stjórn málahagfræði flokkast á svið *314 Hagfræði*.

	32	314	<p><b>Hagfræði</b></p> <p>Í hagfræði er fjallað um efnahagsstefnur, kenningar í efnahagsmálum og efnahagslega ákvarðanatöku. Nám sem hefur eftirfarandi að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hagfræði</li> <li>• Hagsaga</li> <li>• Stjórnmalahagfræði</li> </ul> <p>Undanskilið: Hagfræðinám þar sem áhersla er lögð á viðskiptafræði telst ekki hér með, heldur heyrir undir <i>340 Viðskipti og stjórnun (breiðar námsleiðir)</i>.</p>
		321	<p><b>Fjölmiðlafræði og upplýsingafræði</b></p> <p><b>Fjölmiðlafræði og fréttamennska</b></p> <p>Nemendur leggja stund á nám í kenningum um blaða- og fréttamennsku og í hverju starfið er fólgið. Bláða- og fréttamennska snýst um orðalag og innihald miðlaðs efnis. Námið nær yfir frétttaflutning, fréttaskýringar og greinaskrif almennings til upplýsingar. Nám sem hefur eftirfarandi að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Bláðamennska</li> <li>• Fréttamennska</li> <li>• Fjölmiðlun (orðalag og innihald)</li> <li>• Upplýsingamiðlun (orðalag og innihald)</li> </ul> <p>Undanskilið: Nám í fjölmiðlunartækni (t.d. prentið og framleiðslu hljóðvarps- og sjónvarpsefnis) og nám í umbrotshönnun telst ekki hér með heldur til sviðs <i>213 Fjölmiðlun, sjón- og hljóðtækni</i>.</p> <p>Nám í almannatengslum fellur ekki undir þetta svið heldur <i>342 Markaðssetning og auglýsingar</i>.</p>
		322	<p><b>Bókasafns- og upplýsingafræði, bóka- og skjalavarsla</b></p> <p>Bókasafns- og upplýsingafræði, bóka- og skjalavarsla tekur til náms sem fjallar um aðferðir við val, aðföng, skipulag og geymslu safnakosts eða upplýsinga og auðveldu aðgengi og notkun upplýsinga. Kerfi bókasafna eru þar með talin. Hér flokkast:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Bókasafnsfræði</li> <li>• Munavarsla</li> <li>• Skjalavarsla</li> <li>• Skjölun</li> <li>• Upplýsingafræði</li> </ul>

34

**Viðskipti og stjórnun**

340

**Viðskipti og stjórnun (breiðar námsleiðir)**

Viðskipti og stjórnun (breiðar námsleiðir) er nám í grundvallarhugmyndum um gang viðskiptalífsins, áætlanagerð, stjórnun, skipulagi og samhæfingu fjármagns einkaaðila og samtaka og stofnana hins opinbera. Nám sem hefur eftirfarandi að meginefni flokkast hér:

- Viðskipti og stjórnun
- Viðskiptafræði
- Viðskiptahagfræði

Meðtalið: Hér telst með nám í viðskiptum og stjórnun þar sem er ekki lögð sérstök áhersla á neitt þeirra sviða sem falla undir afmarkað svið 34.

Undanskilið: Viðskiptanám sem fellur að megininnihaldi á eitthvert sérgreint svið innan afmarkaðs sviðs 34 *Viðskipti og stjórnun*. Nám í framkvæmdastjórn, stjórnun og markaðssetningu ætti að flokka eftir sérstöðu þess.

341

**Heildsala og smásala**

Nám sem felst í að læra að kaupa og selja vörur og þjónustu, en einnig um birgðahald, verðlagningu, tjónavarnir, sölukerfi og viðtekna viðskiptahætti. Í því felst að nemendur kynna sér ríkjandi viðskiptahætti í heildsölu- og smásöluverslun. Fasteignasala er meðtalin. Nám sem hefur eftirfarandi að meginefni flokkast hér:

- Birgðahald
- Fasteignaviðskipti
- Heildsala
- Innkaup
- Neytendþjónusta
- Smásala
- Sýningartækni
- Uppboð

Meðtalið: Nám í fasteignaviðskiptum er meðtalið í þessum flokki.

342

**Markaðssetning og auglýsingar**

Undir markaðssetningu og auglýsingar fellur nám sem lýtur að viðskiptaferli vöru og þjónustu milli fyrirtækja og/eða einstaklinga svo og um hegðun og þarfir neytenda. Meðal markmiða námsins felst einnig að kunna skil á hlutverki vöruþróunar, verðlagningar, dreifingar, kynningar og sölu til þess að hámarka skilvirkni viðskipta. Nám sem hefur eitthvert eftirfarandi að meginefni flokkast hér:

- Almannatengsl
- Auglýsingar
- Markaðsrannsóknir
- Markaðssetning
- Sölumennska

**343 Fjármál, bankastarfsemi og tryggingar**

Á þessu námssviði felst nám er lýtur að áætlanagerð, stjórnun, skipulagningu og eftirliti á sviði fjármálastarfsemi og -þjónustu. Það felur í sér stjórnun og eftirlit á tekjulindum fyrirtækja, stofnana og einstaklinga og veitingu fjármálaþjónustu til fyrirtækja og einstaklinga. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:

- Almennatryggingar
- Bankagjaldkeranám
- Bankastarfsemi og fjármál
- Fjárfesting og verðbréf
- Fjárfestingargreining
- Fjármál fyrirtækja
- Fjármálakennningar
- Lífeyristryggingar
- Tryggingar
- Verðbréfasala

Undanskilið: Nám í tryggingastærðfræði er ekki meðtalið, það flokkast á svið 462 Tölfræði.

**344 Bókhald og skattlagning**

Bókhald og skattlagning innifelur nám í að viðhalda, endurskoða og skrá fjármálaviðskipti. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:

- Bókfærsla
- Bókhald
- Endurskoðun
- Skattabókhald

**345 Rekstur og stjórnun**

Rekstur og stjórnun tekur til náms þar sem nemendur læra að gera áætlanir, stjórna og stýra rekstri og starfsemi fyrirtækja og stofnana. Rekstrarnám sem einnig inniheldur stjórnun, efnahagsmál, fjármál o.þ.h. fellur í þennan flokk sé áhersla lögð á rekstur og stjórnun. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:

- Fræðslustjórn
- Kennslustjórn
- Námskeið í að setja á stofn fyrirtæki
- Rekstrarfræði
- Skipulagskenningar og atferli
- Skrifstofurekstur
- Starfsmannahald
- Starfsmannaráðningar
- Starfsmannastjórn
- Stjórnun
- Vörustjórnun

Meðtalið: Leiðtoganám er lýtur að framkvæmdastjórn telst hér með.

Undanskilið: Leiðtoganám er lýtur að persónuþróun er ekki talið hér með og heyrir undir 090 Persónuleg hæfni.

346

**Ritara- og skrifstofustörf**

Til náms til ritara- og skrifstofustarfa getur talist nám um stjórnunarhætti og -aðferðir, skrifstofutækni, hraðritun og fingrasetningu á lyklaborði. Sérhæft ritaranám (sem falið getur í sér nám í bókhaldi og tungumálum svo og læknaritari og nám ritara lögfræðinga) er innifalið sé ritarastarf aðalmarkmið fremur en starf sérhæfðs aðstoðarmanns. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:

- Einkaritaranám
- Gagnaskráning
- Hraðritun
- Læknaritaranám
- Nám ritara á lögfræðistofu
- Notkun skrifstofuvéla
- Skrifstofunám
- Stjórnunar- og ritarþjónusta
- Tungumálanám fyrir ritara
- Þjálfun til starfa í móttöku (þó ekki hótela)
- Vélritun
- Vinna á skiptiborði

Meðtalið: Almennt ritaranám sem felur meðal annars í sér tölvunámskeið er hér meðtalið.

Undanskilið: Sjálfstætt nám í notkun tiltekins hugbúnaðar telst ekki á þessu námssviði heldur raðast á svið *482 Tölvunotkun*.

Skrifstofurekstur telst ekki hér með heldur flokkast sem *345 Rekstur og stjórnun*.

Nám í móttöku á hótelum er undanskilið þessum flokki og telst með *811 Hótel, veitingahús og veislupjónusta*.

347

**Atvinnulífið**

Námið felst í að fræðast um gerð og starfsemi atvinnulífsins. Það tekur yfir nám er lýtur aðallega að þjálfun starfsfólks á vinnustað og skyldum starfsmanna. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:

- Byrjendanámskeið/kynningarnámskeið
- Fyrirtækjapekking
- Gæðatrygging
- Námskeið um verkalýðsmál (almennt)
- Starfsþróun
- Skipulagning á vinnustað
- Þarfir viðskiptavina

Meðtalið: Þjálfun starfsfólks á vinnustað og skyldur starfsmanna raðast hér ef ekki er hægt að flokka námið annars staðar.

Undanskilið: Þjálfun starfsfólks á vinnustað og skyldur starfsmanna telst ekki hér með ef námið er tengdara persónuþróun en starfsþróun. Það er þá flokkað í *090 Persónuleg hæfni*.

Þjálfun starfsfólks sem hægt er að raða í annan flokk er hér undanskilin og skal flokkast í viðeigandi flokk. T.d. ætti að flokka gæðanámskeið, séu þau tæknilegs eðlis, undir *52 Verkfræði og tækni*.

Nám um vinnuumhverfi ætti að flokka í *862 Heilbrigði og öryggi á vinnustöðum*.

	38	380	<p>Nám sem aðallega er á háskólastigi og fjallar um atvinnulíf almennt innan vinnumarkaðarins, vinnufélaga, vinnusálfræði o.s.frv. telst ekki hér með heldur í <i>31 Félags- og atferlisvísindi</i>.</p> <p><b>Lögfræði</b></p> <p><b>Lögfræði</b></p> <p>Lögfræði er nám í grundvallaratriðum og aðferðum til að halda uppi lögum og reglu. Í því felst einnig að kenna til lögfræðistarfa svo sem málflytningu- og dómastarfa. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Almenn lögfræði</li> <li>• Lögbókun</li> <li>• Lögfræði</li> <li>• Refsiréttur</li> <li>• Saga lögfræðinnar</li> <li>• Verslunarréttur</li> <li>• Vinnulöggjöf</li> </ul>
--	----	-----	--

4	42	421	<p><b>RAUNVÍSINDI, STÆRÐFRÆÐI OG TÖLVUNARFRÆÐI</b></p> <p><b>Lífvísindi</b></p> <p><b>Líffræði og lífefnafræði</b></p> <p>Nám í líffræði og lífefnafræði felst í því að læra um uppbyggingu, starfsemi, æxlun, vöxt, þróun og atferli allra lífsforma. Það tekur einnig yfir líffræði og skyldar fræðigreinar, þar með talið nám í efnafræði lífsforma. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Dýrafræði</li> <li>• Eiturefnafræði</li> <li>• Erfðafræði</li> <li>• Grasafræði</li> <li>• Lífefnafræði</li> <li>• Líffræði</li> <li>• Lyfhrifafræði</li> </ul> <p>Meðtalið: Nám í efnastarfsemi lifandi lífvera (lífefnafræði, eiturefnafræði, lyfhrifafræði) telst til þessa flokks.</p> <p>Undanskilið: Vistfræði sem er nám í samskiptum lífvera við umhverfi sitt telst ekki hér með og flokkast í 422 <i>Umhverfisfræði</i>.</p>
	44	422	<p><b>Umhverfisfræði</b></p> <p>Umhverfisfræði<sup>3</sup> er námsgrein sem fjallar um samskipti lífveranna hverra við aðra og tengsl við umhverfið. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Umhverfisfræði</li> <li>• Vistfræði</li> </ul> <p>Undanskilið: Nám í líffræði og eiturefnafræði. Þessar greinar flokkast í 421 <i>Líffræði og lífefnafræði</i>.</p>
		440	<p><b>Eðlisvísindi</b></p> <p><b>Eðlisvísindi (breiðar námsleiðir)</b></p> <p>Eðlisvísindi (breiðar námsleiðir) er nám í eðlisvísindum í víðtækum skilningi án sérhæfingar á ákveðnu sviði. Breiðar námsleiðir í eðlisvísindum eru flokkaðar hér.</p>

3 Umhverfisfræði er í Starfsmenntaflokkuninni sett með sviði 850 *Náttúruvernd* en í þessari flokkun er umhverfisfræði og vistfræði raðað undir sviði 422 *Umhverfisfræði*.

		<p><b>441</b></p>	<p><b>Eðlisfræði</b></p> <p>Eðlisfræði fjallar um eiginleika og víxlverkun efnis og orku. Undir þennan flokk fellur einnig nám í stjörnufræði og geimvísindum. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Eðlisfræði</li> <li>• Geimvísindi</li> <li>• Ljósfræði</li> <li>• Stjörnufræði</li> </ul> <p>Undanskilið: Nám sjóntækjafræðinga er ekki talið hér með og flokkast undir 725 <i>Sjúkdómsgreining og meðferðartækni</i>.</p>
		<p><b>442</b></p>	<p><b>Efnafræði</b></p> <p>Efnafræði fjallar um efni, eiginleika þeirra og hvernig þau bregðast við þegar þeim er blandað saman. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Efnafræði</li> <li>• Lífræn efnafræði</li> </ul> <p>Undanskilið: Lífefnafræði raðast ekki í þennan flokk heldur í 421 <i>Líffræði og lífefnafræði</i>.</p>
		<p><b>443</b></p>	<p><b>Jarðvísindi</b></p> <p>Jarðvísindi er námssvið sem fjallar um samsetningu og gerð jarðarinnar ásamt vatnshvolfi og gufuhvolfi. Námsleiðir sem hafa einhverja eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Haffræði</li> <li>• Jarðfræði</li> <li>• Jarðskjálftafræði</li> <li>• Jarðvísindi</li> <li>• Landafræði (eðlisræn)</li> <li>• Veðurfræði</li> </ul> <p>Undanskilið: Mannvistarlandafræði er undanskilin þessu sviði og telst til 312 <i>Félags- og menningarfræði</i>.</p>
	<p><b>46</b></p>	<p><b>461</b></p>	<p><b>Stærðfræði og tölfræði</b></p> <p><b>Stærðfræði</b></p> <p>Stærðfræði er námssvið sem byggist á óhlutstæðum afleiðsluáðferðum. Til hennar telst algebra, talnareikningur, rúmfræði, töluleg greining og hagnýt stærðfræði. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Algebra</li> <li>• Rúmfræði</li> <li>• Stærðfræði</li> <li>• Töluleg greining</li> </ul>

		<p><b>462</b></p>	<p><b>Tölfræði</b></p> <p>Tölfræði er námssvið þar sem tölulegum gögnum er safnað saman, þeim lýst, og þau greind. Nám í líkindafræði og tryggingafræði falla hér undir. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gerð könnunargagna</li> <li>• Líkindafræði</li> <li>• Stærðfræðileg (fræðileg) tölfræði</li> <li>• Tryggingafræði</li> <li>• Tölfræði, hagnýt</li> <li>• Úrtakskönnun</li> </ul> <p>Meðtalið: Nám í hagnýtri tölfræði flokkast hér. Nám í stærðfræðilegri (fræðilegri) tölfræði flokkast hér.</p> <p>Undanskilið: Nám í lýðfræði- og fólksfjöldafræði telst ekki hér með en flokkast undir <i>312 Félags- og menningarfræði</i>.</p>
48		<p><b>481</b></p>	<p><b>Tölvunarfræði</b></p> <p>Tölvunarfræðinám er fólgið í því að læra að hanna og þróa tölvukerfi og tölvuumhverfi. Þar með telst hönnun, viðhald og samhæfing tölvuhugbúnaðar. Námsleiðir sem hafa einhverja eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Forritunarmál (t.d. Visual Basic, C++)</li> <li>• Hönnun tölvukerfa</li> <li>• Kerfisfræði</li> <li>• Netumsjón</li> <li>• Stýrikerfi</li> <li>• Tölvuforritun</li> <li>• Tölvunarfræði</li> <li>• Upplýsingatækni</li> </ul> <p>Undanskilið: Nám sem varðar tölvuvélbúnað telst ekki með þessum flokki heldur <i>523 Raf-eindatækni og sjálfvirkni</i>.</p> <p>Nám í tölvunotkun er ekki talið hér með; það flokkast í <i>482 Tölvunotkun</i>.</p>
		<p><b>482</b></p>	<p><b>Tölvunotkun</b></p> <p>Nám í tölvunotkun felst í því að læra að nota tölvur og tölvuhugbúnað í mismunandi tilgangi. Þetta nám er gjarnan stutt. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hugbúnaður fyrir rafræna útgáfu</li> <li>• Hugbúnaður til gagnavinnslu</li> <li>• Notkun veraldarvefsins</li> <li>• Ritvinnsluhugbúnaður</li> <li>• Töflureiknir</li> <li>• Tölvunotkun</li> </ul>

5	52		<p><b>VERKFRÆÐI, FRAMLEIÐSLA OG MANNVIRKJAGERÐ</b></p> <p><b>Verkfræði og tækni</b></p> <p><b>520 Verkfræði og tækni (breiðar námsleiðir)</b></p> <p>Verkfræði og tækni (breiðar námsleiðir) er nám í verkfræði eða tæknigreinum án sérhæfingar í ákveðinni grein. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Iðnaðarverkfræði</li> <li>• Verkfræði og verkfræðistörf (breitt nám)</li> <li>• Viðhaldsverkfræði</li> </ul> <p><b>521 Vélfræði og málmsmíði</b></p> <p>Nám í vélfræði og málmsmíði felst í því að gera áætlanir, hanna, þróa, framleiða, viðhalda og hafa eftirlit með vélum, vélasamstæðum og -kerfum og málmframleiðslu. Einnig að hanna og annast viðhald á vélum sem framleiða vörur og eru liður í veittri þjónustu. Námið beinist fyrst og fremst að vélum, vélasamstæðum og málmframleiðslu. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Byssusmíði</li> <li>• Lásasmíði og viðgerð peningaskápa</li> <li>• Málmsteypa og mótasmíði</li> <li>• Málmstuða</li> <li>• Málmvinnsluverkfræði</li> <li>• Nákvæmnivélbúnaður</li> <li>• Plötusmíði</li> <li>• Rennismíði (málmsmíði)</li> <li>• Stálframleiðsla</li> <li>• Verkfæra- og snittbakkasmíði</li> <li>• Vélaverkfræði</li> <li>• Vélfræði</li> <li>• Vökvakerfi</li> </ul> <p>Undanskilið: Nám í vélfræði og verkfræði vélknúinna ökutækja telst ekki hér með og flokkast í 525 <i>Vélknúin ökutæki, skip og flugför.</i></p>
---	----	--	---

522

**Rafmagn og orka**

Nám um rafmagn felst í því að læra að setja upp, sjá um viðhald og viðgerðir svo og greina bilanir í rafmagnsleiðslum og raftækjum í heimahúsum, verslunar- og iðnfyrirtækjum. Uppsetning og viðhald á loftlínunum og jarðstrengjum rafveitna er hér meðtalið. Nám sem varðar orku snýst um orkuframleiðslu. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:

- Gasdreifing
- Hitalagnanám
- Húshitunar- og loftræsítækni
- Kjarna-, vatns- og hitaorka
- Kælikerfi
- Loftræsítækni
- Orkuframleiðsla
- Rafbúnaður
- Rafiðnir
- Rafmagnsframleiðsla
- Rafmagnsverkfræði
- Raftækjavíðgerðir
- Uppsetning og viðhald raflína

Meðtalið: Nám í uppsetningu, greiningu bilana og viðgerðir á hitunar-, loftræsi- og kælitækjum er hér meðtalið.

Undanskilið: Nám í rafbúnaði vélknúinna ökutækja telst ekki hér með en flokkast í 525 *Vélknúin ökutæki, skip og flugfór*.

523

**Rafeindatækni og sjálfvirkni**

Nám í rafeindatækni og sjálfvirkni felst í því að gera áætlanir, hanna, þróa, framleiða, viðhalda og hafa eftirlit með rafeindabúnaði, vélum og kerfum. Einnig að hanna tölvur og fjarskiptatæki. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:

- Fjarskiptakerfi
- Fjarskiptatækni
- Gagnavinnslutækni
- Kerfistækni
- Notkun þjarka (vélmenna)
- Rafeindatækjapjónusta
- Rafeindaverkfræði
- Sjónvarps- og útvarpsviðgerðir
- Stafræn tækni
- Stýritækni
- Tölvuverkfræði
- Tölvuviðgerðir
- Uppsetning fjarskiptatækja
- Útvarpsvirkjun
- Viðhald fjarskiptatækja

Undanskilið: Tölvunarfræði (hönnun tölvukerfa og hugbúnaðarlausna) telst ekki hér með og er skipað í flokk 481 *Tölvunarfræði*.

		<p><b>524</b></p>	<p><b>Efnanotkun og -vinnsla</b></p> <p>Nám um efnanotkun og -vinnslu felst í læra að gera áætlanir, hanna og þróa framleiðslu og vinnsluaðferðir þar sem verða efna- og eðlisfræðilegar breytingar. Hér teljast einnig stýrikerfi og hönnun efnaverksmiðja. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Efnaverkfræði</li> <li>• Efnavinnsluverkfræði</li> <li>• Lífefnataekni</li> <li>• Rannsóknartækni</li> <li>• Rekstur iðjuvera og véla (vinnsla)</li> <li>• Vinnsla olíu, gass og annarra jarðefna</li> <li>• Vinnslutækni</li> </ul> <p>Meðtalið: Nám í rannsóknartækni er hér meðtalið sé áhersla ekki lögð á sérhæfða tækni.</p> <p>Undanskilið: Nám í rannsóknartækni er hér undanskilið ef áhersla er lögð á sérhæfða tækni (líffræðilega, læknisfræðilega o.s.frv.). Það fellur þá undir viðeigandi svið (s.s. 420, 725).</p> <p>Nám þar sem áhersla er lögð á framleiðslu sérstaks efnis raðast ekki í þennan flokk. Til dæmis ætti að flokka nám þar sem sérstök áhersla er lögð á pappírsvinnslu í <i>543 Efnis-meðferð (viður, pappír, plast og gler)</i>.</p>
		<p><b>525</b></p>	<p><b>Vélknúin ökutæki, skip og flugför</b></p> <p>Nám um vélknúin ökutæki, skip og flugför felst í hönnun, þróun, framleiðslu, viðhaldi, bilanagreiningu, viðgerðum og þjónustu á vélknúnum ökutækjum, þar með töldum jarðvinnsluvélum og landbúnaðarvélum. Dæmigert er að bæði sé fjallað um málmsmíði og vélar. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Bifreiðasmíði og -viðgerðir</li> <li>• Bifreiðaverkfræði</li> <li>• Flugvélaverkfræði</li> <li>• Flugvirkjun</li> <li>• Lakkarar/sprautarar</li> <li>• Rafkerfi í bifreiðar</li> <li>• Rétttingavinna</li> <li>• Skipasmíðar</li> <li>• Vagnasmíði</li> <li>• Vélhjólaverkfræði</li> </ul> <p>Meðtalið: Nám í rafbúnaði vélknúinna ökutækja er hér meðtalið.</p> <p>Undanskilið: Nám í framleiðslu og viðgerðum á ökutækjum, sem ekki eru vélknúin, flokkast ekki hér heldur í <i>521 Vélfræði og málmsmíði</i> (t.d. reiðhjól) eða <i>543 Efnismeðferð (viður, pappír, plast og gler)</i> (t.d. bátar sem ekki eru vélknúnir).</p>
	<p><b>54</b></p>	<p><b>540</b></p>	<p><b>Framleiðsla og vinnsla</b></p> <p><b>Framleiðsla og vinnsla (breiðar námsleiðir)</b></p> <p>Framleiðsla og vinnsla (breiðar námsleiðir) er nám í framleiðslu og vinnslu án þess að áhersla sé lögð á sérstakar greinar. Breitt nám á sviði framleiðslu og vinnslu flokkast hér.</p>

541

**Matvælavinnsla**

Nám í matvælavinnslu felst í að læra hvernig á að vinna og setja mat- og drykkjarvörur í umbúðir. Einnig notkun tækja og þær aðferðir sem notaðar eru við framleiðslu og dreifingu matvæla. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:

- Bakaraiðn
- Bjórgerð
- Framleiðsla matar og drykkjar
- Geymsla matvæla
- Kjötvinnsla
- Kökugerð
- Matvælafræði og -tækni
- Mjólkuriðnaður
- Slátraraiðn
- Sælgætisgerð
- Tóbaksvinnsla
- Vínframleiðsla

Meðtalið: Nám í meðferð matvæla og hreinlæti í matvælaíðnaði telst hér með.

Undanskilið: Nám í hótél- og veitingahúsarekstri flokkast ekki hér heldur í *811 Hótel, veitingahús og veislubjónusta*.

Næringarfræði raðast ekki hér en flokkast í *726 Meðferð og endurhæfing*.

542

**Vefnaður, fatnaður, skófatnaður og leðurvörur**

Nám um vefnað, fatnað, skófatnað og leðurvörur felst í að læra framleiðslu á dúkum, vörum úr ofnum dúk og leðri, fatnaði og öðru slíku, skóm og öðrum fótabúnaði. Námsleiðir sem hafa einhvern eftirtalinna þátta að meginefni flokkast hér:

- Bólstrun
- Fataíðnaður
- Framleiðsla fótabúnaðar
- Kjólasaumur
- Klæðskurður
- Leðurvöruframleiðsla
- Loðskinnaframleiðsla
- Skinna- og leðurframleiðsla
- Skóframleiðsla
- Spunaiðnaður
- Söðlasmíði
